FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

157. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 6. JÚLÍ 2017



**Alltaf í boltanum** N1 mótið í knattspyrnu hófst á Akureyri í gær og stendur það yfir til 8. júlí. Mótið hefur aldrei verið fjölmennara og er búist við nærri 2.000 keppendum hvaðanæva af landinu. Alls skráðu 188 lið sig til leiks og munu þau leika 792 leiki. Alls verða leiknar 23.760 mínútur af knattspyrnu þessa helgina. Þegar ljósmyndara bar að garði áttust Breiðablik og Selfoss við og skein einbeitingin úr hverju andliti. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Nóbelsskáldið ofsótt út yfir gröf og dauða

**SAMFÉLAG** Undanfarin fjögur ár hafa erfingjar Halldórs Laxness staðið í stappi við sýslumann vegna skipta á dánarbúi föður síns. Deilan snýst um hvernig skuli meta verðmæti höfundaréttarvarins efnis nóbelsskáldsins.

Í erfðafjárskýrslu, sem notuð er við útreikning erfðafjárskatts, var verðmætið skráð 500 þúsund krónur til skattstofns þótt erfingjarnir teldu réttinn vera algjörlega verðlausan. Talan 500 þúsund hefði verið skráð af „kurteisi við íslenska ríkið og íslenska þjóð“. Matsmaður kvaddur af sýslumanni taldi verðmætið hins vegar 28 milljónir króna. Málinu var að lokum vísað til yfirskattanefndar sem taldi verklag sýslumanns og niðurstöðu matsmannsins heimila.



„Það hefur enginn íslenskur listamaður lent í slíkum ofsóknum af skattsins hálfu sem hann faðir minn. Yfir gröf og yfir dauða,“ segir Guðný Halldórsdóttir, leikstjóri og dóttir skáldsins.“ – **jóe** / **sjá síðu 4**

# Styrkja Ófærð 2 þrátt fyrir óklárað handrit

### Framleiðendur skoða lagalega stöðu sína gagnvart ákvörðun Kvikmyndasjóðs um vilyrði fyrir 60 milljóna króna styrk til sjónvarpsþáttaraðarinnar Ófærð 2.

**MENNING** Ófærð 2 hlaut vilyrði fyrir sextíu milljóna styrk frá Kvikmyndasjóði þótt ekki væri búið að skrifa handrit að öllum þáttunum í seríunni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru aðrir framleiðendur en þeir sem koma að Ófærð 2 nú að skoða lagalega stöðu sína vegna ákvörðunar sjóðsins sem ber að gæta jafnræðisreglu. Þá verði kannað hvort Kvikmyndasjóður hafi brotið gegn stjórnsýslulögum og meginreglum stjórnsýsluréttar. Úthlutunin kunni því að vera ógildanleg.

Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands segir að í þessu tilviki hafi verið hægt að meta verkefnið sem hæfast þótt handrit væri ekki fullklárað og telur reglur ekki hafa verið brotnar.

„Ég held ekki að reglur hafi verið brotnar. Við erum alltaf að meta verkefni sem er talið hæfast hverju sinni. Það eru vonsviknir aðilar sem fengu ekki styrki í ár sem hafa væntanlega komið að þessum ábendingum. Þetta er í rauninni mjög stór sería og sextíu milljónir eru hlutfallslega lágur styrkur. Við fengum þannig gögn að við töldum að það væri hægt að styrkja þetta,“ segir Laufey um úthlutunina.

Í 8. grein reglugerðar um Kvikmyndasjóð stendur: „Vilyrði um framleiðslustyrk má veita tímabundið þegar fullbúið handrit liggur fyrir ásamt fjárhags- og fjármögnunaráætlun.“

Þann 15. maí síðastliðinn sagði Baltasar Kormákur, leikstjóri og einn framleiðenda, í viðtali við Kastljós RÚV að einungis væri búið að skrifa handrit að fjórum af tíu þáttum sem standi til að framleiða. Stuttu síðar, eða þann 6. júní, tilkynnti Kvikmyndasjóður um úthlutanir þar sem Ófærð 2 hlýtur 60 milljóna króna styrk.

„Já, það stendur í reglugerðinni að það þurfi að liggja fyrir fullbúið handrit. En í öllum tilvikum er handritið unnið áfram fram á síðasta tökudag. En allir dramatískir punktar lágu fyrir. Við töldum að við værum með nægileg gögn í höndum,“ segir Laufey.

„Ég held að reglur hafi ekki verið brotnar. Þeir framleiðendur sem kvarta undan þessu, ég veit ekki hvað þeir hafa séð mikið af efninu. Þetta er alltaf spurning um hæfasta verkefnið hverju sinni,“ segir Laufey sem samkvæmt Reglugerð um Kvikmyndasjóð er ábyrg fyrir því að að öll skilyrði fyrir úthlutun séu uppfyllt, auk þess að taka endanlega ákvörðun um styrkveitingu úr Kvikmyndasjóði að fenginni ráðgjöf kvikmyndaráðgjafa sem eru ráðnir af forstöðumanni. – **mg, kg**



Baltasar Kormákur

Laufey Guðjónsdóttir

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Svanur Kristjánsson spyr um ábyrgð á skipan dómara. **16**

**LÍFIÐ** Fagurkerar geta nú glaðst því danska fyrirtækið Bolia ætlar að opna verslun í glæsilegu rými á Íslandi. **42**

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Suðaustan og austan 8-13 m/s í dag, en heldur hægari síðdegis. Rigning með köflum og hiti 10 til 17 stig, hlýjast á Norðurlandi. SJÁ SÍÐU 28

# Fjölmennt Ármannshlaup



Ármannshlaup Eimskips var hlaupið í gærkvöldi. Lagt var af stað frá vöruhóteli Eimskips í Sundahöfn í Reykjavík og var það jafnframt lokapunktur þess. Hlaupaleiðin var tíu kílómetrar og var munurinn á hæsta og lægsta punkti leiðarinnar einungis 6,7 metrar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tekjur Haga minnka vegna Costco

**VIÐSKIPTI** Sala í verslunum smásölurisans Haga dróst saman um 8,5 prósent í krónum talið í júnímánuði miðað við sama tímabil í fyrra að teknu tilliti til aflagðrar starfsemi. Þá minnkaði framlegð samstæðunnar um 0,4 prósentustig á milli ára.

Þetta kemur fram í tilkynningu Haga til Kauphallarinnar en þar segir að „breytt markaðsumhverfi [hafi] haft áhrif á rekstur og markaðsstöðu félagsins.“

Bráðabirgðauppgjör júnímánaðar liggi nú fyrir og ljóst sé að þessi breytta markaðsstaða muni „hafa nokkur áhrif á afkomu annars fjórðungs, en of snemmt er að segja til um hve mikil áhrifin verða á afkomu næstu ársfjórðunga eða til framtíðar,“ að því er segir í tilkynningu Haga. **– hae**



Tilkynnt var um sex nauðganir á nýliðinni Hróarskelduhátíð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Yngri en 21 árs fái ekki aðgang

**DANMÖRK** Meina á körlum undir 21 árs að dvelja á tjaldstæðinu á Hróarskelduhátíðinni í tilraunaskyni í tvö ár. Þetta er innlegg Henriks Marstal, tónlistarmanns, rithöfundar og frambjóðanda til danska þingsins, í umræðuna. Á nýliðinni Hróarskelduhátíð var tilkynnt um sex nauðganir.

Aðstandendum hátíðarinnar líst ekki á tillögu tónlistarmannsins. Verið sé að hrinda öðrum hugmyndum í framkvæmd. Nú séu tónlistarhátíðarhaldarar auk þess í samvinnu við nokkur samtök sem berjast gegn kynferðislegu ofbeldi.

Þeir sem stóðu að Bråvallatónlistarhátíðinni í Norrköping í Svíþjóð um síðastliðna helgi hafa lýst því yfir að hún verði ekki haldin á næsta ári. Þeir séu þar með að taka afstöðu gegn kynferðislegu ofbeldi.

Tilkynnt var um fjórar nauðganir á Bråvallahátíðinni og 23 önnur kynferðisbrot. **– ibs**




# Of feitir fá silíkonteygju til að þrengja magann

**Íslenskur skurðlæknir vill að gripið verði til samstillts átaks til að sporna gegn því að landinn þyngist enn frekar. Hann segir að uppsöfnuð eftirspurn hafi verið eftir magabandsaðgerðum enda lengi ekki boðið upp á slíkar aðgerðir hér á landi.**



Aðgerðin tekur um þrjátíu mínútur og fara flestir heim samdægurs. MYND/AÐSEND

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 200 magabandsaðgerðir eru gerðar á einkastofu hér á landi ár hvert. Skurðlæknirinn að baki stofunni segir að þörf sé á samstilltu átaki í tengslum við offitu hér á landi.

Auðun Sigurðsson hefur gert magabandsaðgerðir hér á landi í rúm tvö ár. Áður gerði hann slíkar aðgerðir á sjúkrahúsi í Bretlandi. Aðgerðin felst í því að silíkonteygju er komið fyrir utan um magahálsinn til að þrengja að maganum og slá á svengdartilfinningu.

„Þegar ég kom heim var mjög mikið að gera enda hafði ekki verið boðið upp á aðgerðir sem þessar hér á landi nema í smáum stíl,“ segir Auðun. „Síðan þá hefur dregið örlítið úr ásókn í aðgerðirnar samhliða því að það dró úr uppsöfnuðu eftirspurninni.“

Þegar Auðun fór af stað með stofuna gerði hann ráð fyrir því að nokkur hluti viðskiptavina hans væri fólk sem kæmi hingað frá útlöndum. Minna hefur verið um slíkt en áætlað var sökum sterkrar stöðu krónunnar. Eitthvað sé þó um að Íslendingar búsettir erlendis, sem hafa heyrt af meðferðinni frá fólki hér heima, komi hingað í aðgerðina.

> Ég myndi hins vegar gjarnan vilja að við tækjum okkur myndarlega á því við getum gert ýmislegt í málefnum varðandi offitu og sjúkdómum henni tengdri.
>
> Auðun Sigurðsson, skurðlæknir



Þeir sem velja að fara í aðgerðina þurfa að greiða hana alfarið úr eigin vasa þar sem tryggingafélög eða sjúkratryggingar taka ekki þátt í kostnaðinum. Það hafi ekki komið í veg fyrir að fólk úr hinum ýmsu stéttum hafi lagst undir hnífinn.

Auðun segir að hann muni ekki taka þátt í neinni pólitík í tengslum við kostnaðarþátttökuna. Hann sinni þeim sjúklingum sem til hans leita og reyni að gera það vel.

„Ég myndi hins vegar gjarnan vilja að við tækjum okkur myndarlega á því við getum gert ýmislegt í málefnum varðandi offitu og sjúkdóma henni tengda,“ segir Auðun. Bendir hann í því sambandi á samstillt átak allra aðila varðandi reykingar hér á árum áður. Unnið hafi verið að því markvisst að bæta málin og á endanum hafi kúltúrinn breyst.

„Þjóðin er alltaf að þyngjast og því fylgja ýmsir sjúkdómar,“ segir Auðun og nefnir meðal annars sykursýki í því sambandi. „Við þurfum að gera eitthvað svipað og með reykingarnar og hjálpa fólki að lenda ekki í þessum vandræðum. Ég sný mér þá að einhverju öðru ef það verður ekkert að gera í magabandsaðgerðunum.“

**johannoli@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN · blómaval

Okkar stærsta sumarútsala
FRÁ UPPHAFI

# SUMAR ÚTSALAN



# 20-50% AFSLÁTTUR

Sumarblóm 30-50% · Tré og runnar 50% · Fjölærar plöntur 50% · Matjurtir 50% · Garðarósir 50% · Útipottar 30% · Garðstyttur 30% · Fræ og sáðbakkar 30% · Silkisumarblóm 30% · Vökvunarkönnur 30% · Úðabrúsar 30% · Sláttuvélar 20% · Garðverkfæri 25% · Hekkklippur 30% · Keðjusagir 30% · Vermireitir og blómakassar 20% · Háþrýstidælur 20% · Áltröppur og stigar 30% · Rafmagnsverkfæri Black&Decker 30% · Reiðjól og fylgihlutir 30% · Garðhúsgögn 30% · Úðarar, slönguhjól og tengi 30% · True North Útivistafatnaður 50% · Pallaolía 25% · Viðarvörn 25% · Innimálning 25% · Útimálning 25% · Vegg- og loftaþiljur 25% · Leikföng 30% · Búsáhöld - 25% · BroilKing grill 20% · Grill fylgihlutir, Broil King, GrillPro 30% · Harðparket og undirlag 25% · Electrolux smáraftæki 20% · Verkfæratöskur 35% · Ferðavörur 25% og margt fleira

Byggjum á betra verði

FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

# Notaðir bílar lækkað um 20 prósent en samt dýrastir hér á landi

**BÍLAR** Verð á notuðum bílum er með því hæsta hér á landi meðal Norðurlanda þrátt fyrir að hafa lækkað um 20 prósent á síðastliðnu ári.

„Hjá einhverjum umboðum er lagerstaðan betri en fyrir ári á notuðum bílum af því að þeir hafa verið virkir að lækka verðið. Lækkunin er svipuð og gengið, um og yfir 20 prósent á síðastliðnu ári. Maður sér sums staðar að ekki hafi verið lækkað nógu vel og þá seljast bílarnir hægar,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju og formaður Bílgreinasambandsins.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), segir að fram að þessu hafi verð á notuðum bílum verið nokkuð hærra en gerist og gengur í nágrannalöndunum. Það sé meðal annars vegna þess að í kjölfar hrunsins seldust nýir bílar illa til almennings og myndaðist þá meiri eftirspurn eftir notuðum bílum og um leið hækkaði verðið.

„Nú er selt nokkuð drjúgt af nýjum bílum og ásamt styrkingu gengisins hefur það í för með sér verðlækkun á notaða flotanum.“

> **Nú er selt nokkuð drjúgt af nýjum bílum og ásamt styrkingu gengisins hefur það í för með sér verðlækkun á notaða flotanum.**
>
> Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB



Ásvaldur Óskar hjá bílasölunni Bílalind segist ekki finna fyrir offramboði af notuðum bílum. „Það gæti gerst í haust þegar bílaleigubílarnir koma á markað. Það seldist ekki mikið af þeim í fyrra því þeir fengu ekki það verð sem þeir voru sáttir við.“ Ásvaldur segist ekki hafa þurft að lækka verð á notuðum bílum umfram lækkun verðs á nýjum bílum.

Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar, telur ekki að komið sé stopp á endursölu bíla sem séu eðlilega eknir og hafi verið vel við haldið. „En það sem gæti setið eftir eru mikið eknir bílar, það byrjar alltaf þar. Þegar menn hugsa vel um flotann sinn þá eru það alveg samkeppnisfærir bílar.

Ég held að þörfin fyrir að endurnýja mikið hafi verið fyrir hendi. En auðvitað kemur að því þó að það verði kannski ekki á þessu ári að menn þurfa að fara að velta þessu fyrir sér,“ segir Bergþór. **– sg**

## FÁ og Tækniskóli sameinast ekki

**MENNTAMÁL** Fjölbrautaskólinn við Ármúla mun ekki sameinast Tækniskólanum að svo stöddu. Frá þessari ákvörðun Kristjáns Þórs Júlíussonar, mennta- og menningarmálaráðherra, var greint á flunkunýrri vefsíðu Stjórnarráðs Íslands í gær.

Ráðuneytið ætlar á næstunni bæði að leggjast í greiningu á einstökum landsvæðum eða klösum skóla sem og á einstökum skólum. Þegar þeirri vinnu lýkur mun ráðherra ákveða hvort ástæða sé til að sameina einhverja skóla eða breyta starfsemi þeirra „svo efla megi gæði náms, skilvirkni í starfsemi og þjónustu við nemendur“.

Í tilkynningunni segir að við greiningu á mögulegri sameiningu FÁ og Tækniskólans hafi ráðuneytið fengið Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri til að meta gögnin. Varð niðurstaða ráðherra sú að ekki verði af sameiningu skólanna. **– þea**

## Gengu í skrokk á þingmönnum

**VENESÚELA** Tugir stuðningsmanna Nicolas Maduro, forseta Venesúela, réðust í gær inn í þinghús landsins og réðust á þingmenn stjórnarandstöðunnar og blaðamenn með þeim afleiðingum að nokkrir þeirra voru fluttir á sjúkrahús. Stjórnarandstaðan er í meirihluta í þinginu.

Franska fréttastofan AFP greindi frá því að mennirnir hafi verið vopnaðir prikum og kveikt í flugeldum inni í þinghúsinu. Þingmaðurinn Yajaira de Forero sagði þrjá þingmenn hafa særst í átökunum. Þar af hafi einn verið fluttur á spítala. Sumir fjölmiðlar í Venesúela greina frá því að átta hafi verið fluttir á spítala.

Maduro forseti hefur verið harðlega mótmælt og hefur fjöldi fólks látist í mótmælum undanfarna mánuði. **– þea**

# Erfingjar nóbelsskáldsins gefast upp gagnvart síðustu aðförinni

**Erfingjar Halldórs Laxness hafa undanfarin fjögur ár staðið í stappi við sýslumann vegna skipta á dánarbúi föður síns. Dóttir nóbelsskáldsins talar um fordæmalausar ofsóknir í því samhengi og hreina og klára valdníðslu af hálfu sýslumanns. Málinu lauk með úrskurði yfirskattanefndar, sem verður ekki áfrýjað úr þessu.**

**SAMFÉLAG** Leikstjórinn Guðný Halldórsdóttir Laxness segir að ofsóknir íslenskra skattayfirvalda gegn föður hennar nái út yfir gröf og dauða. Erfingjar nóbelsskáldsins hafa deilt við skattayfirvöld síðastliðin fjögur ár vegna skipta á dánarbúi hans.

Í október 2012 lést Auður Laxness en hún hafði setið í óskiptu búi eftir eiginmann sinn frá því að hann lést í febrúar 1998. Í kjölfar andláts hennar óskuðu erfingjar eftir því að ljúka einkaskiptum á búi hjónanna en sýslumannsembætti hafnaði því þar sem það taldi verðmæti höfundaréttar vanmetinn í erfðafjárskýrslu erfingja. Í skýrslunni var höfundarétturinn metinn á 500 þúsund krónur.

Samtímis synjuninni lagði sýslumaður það til að skipaður yrði matsmaður til að meta verðmæti höfundaréttarins. Reiknaði sá út vegið meðaltal teknanna árin 2010-13 og komst að þeirri niðurstöðu að verðmætið væri 28 milljónir króna.

Þetta sættu erfingjarnir sig ekki við og kærðu niðurstöðuna til yfirskattanefndar. Í greinargerð þeirra kom að höfundarétturinn væri óseljanlegur sæmdarréttur og því myndaði hann ekki skattstofn. Þeir „hafi metið höfundaréttinn á 500.000 kr. í einkaskiptabeiðni og hafi það verið meira gert af kurteisi við íslenska ríkið og íslenska þjóð en nokkru öðru þótt skoðun kærenda sé að verðmæti höfundaréttarins sem skattstofn sé í raun 0 kr. Er í því sambandi vísað til árangurslausra sölutilrauna á útgáfuréttindum vegna verka [Halldórs]“.



**Auður Laxness sat í óskiptu búi eftir eiginmann sinn. Höfundaréttur verka Halldórs var metinn á 28 milljónir króna af matsmanni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skemmst er frá því að segja að yfirskattanefnd féllst ekki á þessi rök. Þá benti nefndin á að hefðu erfingjarnir verið ósáttir við matið hefði þeim verið í lófa lagið að krefjast yfirmats. Kröfum þeirra var hafnað.

„Skatturinn virðist halda að við séum með nóbelspeninginn undir koddanum en íslenska ríkið fékk hann að gjöf. Það hefur enginn íslenskur listamaður lent í slíkum ofsóknum af skattsins hálfu sem hann faðir minn. Yfir gröf og yfir dauða,“ segir Guðný Halldórsdóttir. Hún segir að sýslumaðurinn hafi troðið upp á þau matsmanni sem hefði ekkert vit á bókmenntum og listum.

„Mér sýnist sýslumaður ekki hafa farið að lögum og ráðið hæfan matsmann, heldur ungan ofurlaunaðan hagfræðing úti í bæ, sem veit ekkert um höfundarétt. Þetta er hrein og klár valdníðsla.“

> **Það hefur enginn íslenskur listamaður lent í slíkum ofsóknum af skattsins hálfu sem hann faðir minn.**
>
> Guðný Halldórsdóttir Laxness



Guðný segir að nefndin hafi ekki tekið efnislega afstöðu til matsins heldur aðeins bent á að erfingjarnir hefðu getað krafist yfirmats. Hún bætir því við að slíkt hefði kostað alla vega þrenn árslaun rithöfundar og „sennilegast orðið ágiskun líka“.

Að sögn Guðnýjar eru engin fordæmi fyrir gjörningi sem þessum. „Ég hef verið í sambandi við niðja annarra rithöfunda og enginn hefur þurft að borga skatt af ímynduðum framtíðartekjum nokkurs listamanns.“

Líkt og áður segir verður skattstofn höfundaréttarins 28 milljónir króna. Frá því dregst kostnaður við matsgerðina, en gerð hennar tók um tvær vikur, en hann var tæpar 1,4 milljónir króna. Úrskurður nefndarinnar verður ekki kærður áfram.

„Við gefumst bara upp gagnvart þessari, vonandi, síðustu aðför sýslumanns gegn Halldóri Kiljan Laxness,“ segir Guðný.

**johannoli@frettabladid.is**


**ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI**

VOLVO PENTA

**Öflug Volvo Penta þjónusta**
Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt.
Komdu í dag og ræddu við ráðgjafa.

**Kauptu bestu varahlutina**
Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.



**HAFÐU SAMBAND Í DAG**
- Sími: 515 7067 | 869 7537 Guðmundur Gísli
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Heimasíða: volvopenta.is

brimborg

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bíldshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is


# Verktaki þarf að borga aðflutningsgjöld aftur sem hann var búinn að greiða

**SKATTAMÁL** Verktakafyrirtæki þarf aftur að greiða aðflutningsgjöld af búnaði sem það hafði áður greitt slík gjöld af. Þetta er niðurstaða yfirskattanefndar.

Árið 2012 vann fyrirtækið að verkefni í Þórshöfn í Færeyjum og flutti þangað meðal annars vinnustaðagáma, girðingar, byggingarkrana, steypumót, undirsláttarefni og vinnulyftur. Þegar verkinu lauk var búnaðurinn fluttur aftur til landsins og vildi Tollstjóri þá að aðflutningsgjöld yrðu greidd af búnaðinum.

Eigendur fyrirtækisins vildu ekki una því og bentu á að þeir hefðu nú þegar greitt öll slík gjöld þegar tækin og tólin voru flutt hingað til lands í upphafi. Töldu þeir að ákvæði reglugerðar um ýmis tollfríðindi, þar sem kveðið er á um ársfrest vegna endursendra vara, væri í andstöðu við tollalög. Um tvísköttun væri að ræði sem teldist ólögmæt.



**Meðal þess sem var flutt til Færeyja voru byggingakranar og mót.Þegar verkefninu lauk var búnaðurinn fluttur aftur til landsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Í niðurstöðu yfirskattanefndar var bent á að tímafrestir til endursendingar vöru án aðflutningsgjalda hefðu lengi tíðkast. Þá féllst nefndin ekki á að reglugerð ráðherra bryti í bága við lögin sem hún sækir lagastoð sína í.

Þá var ekki fallist á þau rök fyrirtækisins að umræddum vörum væri ætlaður langur endingartími. Þau væru notuð árum saman og eðli málsins samkvæmt geti byggingaframkvæmdir tekið nokkur ár. Nefndin taldi að ef fallist yrði á rök verktakans yrði ársfrests undanþágan allt að því marklaus. Kröfum hans var hafnað og þarf hann að borga toll af tækjunum á ný. **– jóe**




Þið smellpassið saman. AYGO og þú með vinum þínum út í sveit. Brostu hringinn meðan þú snattast í bænum.
Njóttu þess að mynda ný tengsl með AYGO í sumarsólinni.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum AYGO**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA | FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Telur hag í því að rukka aðgangseyri

**FERÐAÞJÓNUSTA** Skynsamlegt er að taka gjald fyrir aðgang að ferðamannastöðum þar sem fjöldi ferðamanna er farinn að skemma ánægju hvers og eins, eða náttúrugæðin liggja undir skemmdum. Þetta er niðurstaða nýrrar fræðigreinar Ragnars Árnasonar, prófessors í hagfræði við Háskóla Íslands.

Í greininni Efficient pricing of tourist sites er sett upp verðformúla til að rannsaka hvernig best megi þróa gjaldtöku á ferðamannastöðum. Hingað til hafa flestir ferðamannastaðir landsins verið gjaldfrjálsir. Miklar opinberar umræður hafa þó átt sér stað um möguleika á gjaldtöku.

Niðurstaða greinarinnar er að aukinn fjöldi ferðamanna hafi neikvæð umhverfisleg áhrif á staðina og að ferðamenn njóti staða minna ef of margir eru á svæðinu. Þannig sé það hagur samfélagsins að takmarka aðgang með aðgangsgjaldi.

> Til að ætla aðgangsgjald þyrfti að meta hversu mikill troðningurinn er á hverjum stað.



Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við HÍ

„Samkvæmt þessum niðurstöðum yrði aðgangur að mörgum ferðamannastöðum ókeypis. Til að ætla aðgangsgjald þyrfti að meta hversu mikill troðningurinn er á hverjum stað og hversu miklum umhverfisskemmdum hver ferðamaður veldur að jafnaði,“ segir Ragnar. Mikilvægt sé að leggjast í slíkar rannsóknir.

„Það skiptir líka máli hvort tiltekinn ferðamannastaður sé rekinn með það í huga að hámarka velferð þeirra sem koma á staðinn eða rekinn þannig að eigi að hámarka hreinar tekjur hans.“

Að mati Ragnars væri skynsamlegt að hámarka tekjur af erlendum ferðamönnum og velferð íslenskra ferðamanna. „Það myndi þýða mismunandi gjald fyrir erlenda ferðamenn og íslenska ferðamenn. En síðan má kannski ekki mismuna samkvæmt reglum Evrópusambandsins.“

Nýlega hafa sveitarfélög fengið leyfi til gjaldtöku vegna bílastæða. „Það má segja að það sé skref í rétta átt að heimila þessa gjaldtöku. En þá munu þeir að einhverju leyti vera einokunaraðilar og þá munu Íslendingar verða rukkaðir of mikið,“ segir Ragnar.

Hann bendir einnig á að eitt gjald sé borgað fyrir hvern bíl en misjafnt sé hve margir eru í hverjum. Troðningur og skemmdir á ferðamannastöðunum fari eftir fjölda ferðamanna. – sg

## Sofið á bílastæði



Þreyttum ferðalöngum fannst tilvalið að spara aurinn með því að hvíla lúin augnlok í næturbirtunni við Gróttu. Ekki eru allir hrifnir af þessum ferðavenjum en engin salernisaðstaða er í svona bílum og ganga því ferðamenn á slíkum bílum örna sinna nánast hvar sem er. Ljósmyndara Fréttablaðsins tókst ekki að vekja ferðamennina til að benda á að bílastæðið væri ekki tjaldstæði. Þeir sváfu ábendinguna af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Katarar hafna kröfunum

**KATAR** Viðskiptaþvingunum fjögurra arabaríkja, Sádi-Arabíu, Egyptalands, Barein og Sameinuðu arabísku furstadæmanna, gegn Katörum verður ekki aflétt. Katarar höfnuðu í gær kröfum sem ríkin fjögur gerðu til þeirra eftir að hafa fengið umhugsunarfrest sinn framlengdan um tvo sólarhringa.

Utanríkisráðherrar ríkjanna fjögurra funduðu í Kaíró, höfuðborg Egyptalands, í gær. Sögðust þeir afar vonsviknir yfir ákvörðun Katara. Jafnframt sögðu þeir Katara ekki skilja alvöru málsins.

Ríkin saka stjórnvöld í Katar nefnilega um að fjármagna hryðjuverkasamtök og snýst hluti krafnanna um að Katarar skeri á meintar fjárveitingar.

„Við erum ekki að gera þetta til þess að skaða Katar. Þvert á móti erum við að þessu til þess að hjálpa Katar,“ sagði Adel bin Ahmed al-Jubeir, utanríkisráðherra Sádi-Arabíu, að fundi loknum í Kaíró. – þea





**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**


# Söngskólinn í Reykjavík selur Snorrabrautarhöll

Hótelrekendur í miðbænum hafa keypt hið fornfræga hús Osta- og smjörsölunnar við Snorrabraut af Söngskólanum í Reykjavík sem þó fær að vera í húsinu til loka skólaársins 2018. Möguleiki er á að reisa nýjar byggingar á baklóðinni.

**FASTEIGNIR** „Við erum of fátæk til að eiga svona dýra eign,“ segir Garðar Cortes, skólastjóri Söngskólans í Reykjavík sem selt hefur húseign sína á Snorrabraut 54 eftir að hafa átt hana frá árinu 2002.

Snorrabraut 54 er jafnan kennd við Osta- smjörsöluna sem var þar um áratuga skeið frá því húsið var reist árið 1929. Hönnuður þess er Einar Erlendsson húsameistari sem á starfsævi sinni teiknaði mörg þekkt hús í borginni, til dæmis Þingholtsstræti 29 sem hýsti Borgarbókasafnið, Fríkirkjuveg 11 og hús Hjálpræðishersins í miðborginni.

Aðspurður segir Garðar Cortes að nýr eigandi þurfi að svara því hvaða hlutverk húsið fær að næsta ári liðnu. „En ég held að þarna sé hótelbólan enn þá í gangi.“ Ekki náðist tal af eigendum Sandhótels ehf. sem standa að kaupunum.

Með aðalbyggingunni við Snorrabraut fylgir lágreist bakhús ofar í lóðinni. Fremra húsið er 987 fermetrar og bakhúsið 340 fermetrar og eignin samtals 1.327 fermetrar. Byggingarréttur sem leyfir stækkun á baklóðinni á Snorrabraut mun fylgja eigninni og því ýmsir möguleikar í stöðunni. Þess má geta að í húsinu þar sem Söngskólinn var til húsa áður en hann var fluttur á Snorrabraut, Hverfisgötu 45, er nú rekið hótelið Reykjavik Residence.

Garðar segir ástand Snorrabrautar 54 vera gott. „Við höfum haldið þessu við eins og við gátum,“ segir hann. Einn salurinn hafi þó verið látinn bíða varðandi viðhald vegna fjárskorts en annars sé allt í fínu standi. Bæði húsin séu í notkun.



Stór lóð með möguleikum á meira byggingarmagni fylgir gamla Osta- og smjörsöluhúsinu sem nú er enn stefnt í nýtt hlutverk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Snorrabraut 54 er jafnan kennd við Osta- og smjörsöluna. Hönnuður þess er Einar Erlendsson húsameistari.

> Þetta hefur staðið undir sér. En við vorum orðin skuldug og það var ekkert annað að gera.



Garðar Cortes, skólastjóri Söngskólans í Reykjavík

Söluverðið er ekki gefið upp en það mun vera hátt í 600 milljónir króna. Verðmætið hefur þá nær sexfaldast frá því Söngskólinn keypti húsið af OZ hf. fyrir 103 milljónir króna vorið 2002. „Þetta hefur staðið undir sér. En við vorum orðin skuldug og það var ekkert annað að gera,“ segir hann. Fasteignamat hússins er orðið tæpar 300 milljónir króna og fasteignagjöldin há eftir því.

Að sögn Garðars er Söngskólinn í Reykjavík sjálfseignarstofnun sem stofnuð var fyrir 45 árum. „Við seljum en erum hér enn og megum við vera út næsta skólaár,“ segir hann. Ákvæði sé í samningnum um að báðir aðilar reyni að finna leið til þess að Söngskólinn geti síðan verið áfram í húsinu. „Það er ekkert víst að það takist og þá verðum við að leita annars staðar – og ég er alltaf með augun opin.“ gar@frettabladid.is

LANCÔME
PARIS







NÝR MONSIEUR BIG
MIKIL ÞYKKING • ALLT AÐ 24 TÍMA ENDING

# LANCÔME DAGAR

## HAGKAUP KRINGLU, SMÁRA, SKEIFU, GARÐABÆ, SPÖNG, AKUREYRI OG SELFOSSI 6. - 12. JÚLÍ

**20% AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM**




### ERTU TILBÚIN Á STEFNUMÓT MEÐ MONSIEUR BIG?

**„MUST-HAVE“ Á STEFNUMÓTI VIÐ MONSIEUR BIG:**

**MONSIEUR BIG MARKER** svartur eyeliner með tvískiptan sveigðan odd sem er fullkominn til að gera breiða djarfa línu eða mjög nákvæma fína línu.

**MATTE SHAKER** þægilegur fljótandi mattur varalitur með tvisvar sinnum meira af litarefnum en samt sem áður tvisvar sinnum þynnri en hefðbundinn varalitur. Endingargóður og smitast ekki.

**TEINT IDOLE ULTRA CUSHION** er frábær fljótandi farði í púða og boxi sem gefur mjög góða þekju, er fljótlegur, endingagóður og hægt að fá fyllingar. Fullkominn til að fríska upp á förðunina hvar sem er og hvenær sem er.




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Borgin mátti setja upp verk eftir Erró

**Erfingjar arkitektsins sem teiknaði Breiðholtslaug hafa höfðað mál vegna tengibyggingar milli laugarinnar og húss World Class. Telja vegið að höfundarrétti föður síns. Erfingjarnir stefndu borginni einnig vegna verks eftir Erró.**

**DÓMSMÁL** Erfingjar arkitektsins Guðmundar Þórs Pálssonar hafa stefnt Reykjavíkurborg vegna byggingar sem tengir Breiðholtssundlaug við húsnæði líkamsræktarstöðvarinnar World Class. Guðmundur Þór Pálsson teiknaði bæði Breiðholtslaug og íþróttahúsið við Austurberg. Líkamsræktarstöðin var hins vegar hönnuð af Úti og Inni arkitektum og Ara Má Lúðvíkssyni arkitekt.

„Þau telja að viðbyggingin rýri höfundareinkenni Guðmundar Þórs, sem séu mjög einkennandi fyrir bygginguna að öðru leyti. Þess vegna hafi ekki verið heimilt að fara af stað með bygginguna án samþykkis en þess hafi ekki einu sinni verið leitað,“ segir Einar Páll Tamimi, lögmaður erfingjanna. Hann segir að búið sé að stefna og reiknar með að málið fari á dagskrá Héraðsdóms Reykjavíkur í haust.

Erfingjar Guðmundar Þórs stefndu Reykjavíkurborg einnig vegna uppsetningar myndar eftir listamanninn Erró á súlu sem tengir saman hús-



Verk Errós, Frumskógardrottningin, er úr keramikflísum. Áður var stigahúsið málað í steypulit. Erfingjar Guðmundar höfðuðu mál gegn borginni sem tapaðist. Nú hafa þeir aftur höfðað mál vegna viðbyggingar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

næði sundlaugarinnar og íþróttahússins. Þau töldu að teikningin færi í bága við höfundarrétt Guðmundar Þórs.

Íþróttahúsið og sundlaugin eru tengd saman með stigahúsi sem er á bogadregnum vegg. Árið 2015 setti Reykjavíkurborg upp listaverk á bogadregna vegginn. Listaverkið, sem nefnt er Frumskógardrottningin, er eftir Erró og er gert úr sérhönnuðum keramikflísum. Áður var stigahúsið málað í steypulit. Uppsetning verksins er hluti af átaki borgarráðs til að fjölga listaverkum í opnum rýmum í Breiðholti.

Erfingjar Guðmundar Þórs segja að Reykjavíkurborg hafi ekki leitað eftir samþykki fyrir uppsetningu verksins og sendu þeir borginni bréf þar sem fram kemur það mat þeirra að uppsetning verksins sé ekki heimil. Reykjavíkurborg hafnaði því að uppsetning verksins gæti verið breyting á höfundarréttarvarinni hönnun mannvirkisins og tilkynnti erfingjunum þá afstöðu sína. Við það sættu erfingjarnir sig ekki og höfðuðu mál.

Það er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í dómi sem nýlega var kveðinn upp að erfingjarnir hafi ekki getað sýnt fram á hvaða höfundarsérkenni byggingin eða einstakir hlutar hennar hafi sem uppsetning listaverksins brjóti gegn. „Staðhæfing stefnenda um að brotið hafi verið gegn sæmdarrétti höfundar byggingarinnar með því að skerða höfundarsérkenni verksins er því ósönnuð og bera stefnendur hallann af þeim sönnunarskorti,“ segir í niðurstöðu dómsins. jonhakon@frettabladid.is

> **Þau telja að viðbyggingin rýri höfundareinkenni Guðmundar Þórs.**
>
> Einar Páll Tamimi, lögmaður



## Afkastamikill arkitekt

Guðmundur Þór Pálsson var afkastamikill arkitekt. Hann lést í lok árs 2001. Á meðal verka hans eru Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, þvottastöð, verkstæði og skrifstofubygging SVR, sjúkrahús Akraness, eldhús Landspítalans, sundlaug og íþróttahús við Austurberg í Breiðholti, Seljaskóli, Selásskóli, Hjallaskóli, Laugagerðisskóli, íþróttahús Seljaskóla, íþróttahús í Grindavík, íþróttahús í Laugagerði, Foldaskóli, Hamarsskóli í Vestmannaeyjum, Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi og Grandaskóli.



# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 80cm.** 29.544




**Verðdæmi 80x80 cm.** 30.500




**Verðdæmi 80x80 cm** 29.600




Laus svunta

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 80x80 cm.** 35.100




**Verðdæmi 80x80 cm.** 30.500




**Verðdæmi 70 cm.** 24.880

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað í sumar
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**
*- fyrir þitt heimili*

# Kínverjar reita Donald Trump til reiði

**Bandaríkjaforseti segir Kínverja auka viðskipti sín við Norður-Kóreu. Tölur um viðskipti sem Trump vísar til eru frá því áður en hann fundaði með forseta Kína í apríl.**



Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, sést hér fagna eldflaugatilraun vikunnar með faðmlagi. Hann er uppspretta óánægju Donalds Trump Bandaríkjaforseta sem vill að Kínverjar láti af viðskiptum við Kim. NORDICPHOTOS/AFP

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, er bálreiður út í kínversk stjórnvöld. Í gær gagnrýndi forsetinn Kínverja harðlega fyrir að beita sér ekki gegn Norður-Kóreumönnum af meiri hörku og sagði að Kínverjar væru að auka viðskipti sín við einræðisríkið.

Gagnrýni Trumps kemur í kjölfar eldflaugatilraunar norðurkóreska hersins. Prófaði hann í vikunni eldflaug sem talið er að geti flogið nærri 7.000 kílómetra. Dregur hún því til Alaska í Bandaríkjunum. Kröfðust Bandaríkin, Suður-Kórea, Kína, Rússland og fleiri ríki þess að Norður-Kórea hætti öllum eldflaugatilraunum samstundis en slíkar tilraunir hafa verið tíðar nýverið.

Eldflaugaskotið var sérstaklega ætlað til að ögra Bandaríkjamönnum. Var það haft eftir Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, í ríkisútvarpinu KCNA, að eldflaugaskotið hefði verið gjöf til Bandaríkjanna á þjóðhátíðardegi þeirra sem var á þriðjudag. Í frétt KCNA var varað við líkum á frekari tilraunum og að Kim hefði skipað hernum að senda Bandaríkjamönnum reglulega slíkar gjafir.

> **Kínverjar ætla greinilega ekki að vinna með okkur. Ojæja, við urðum að minnsta kosti að reyna.**
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna



„Viðskipti Kína og Norður-Kóreu jukust um fjórutíu prósent á fyrsta ársfjórðungi. Kínverjar ætla greinilega ekki að vinna með okkur. Ojæja, við urðum að minnsta kosti að reyna,“ tísti Trump í gær. Hann átti fund með forseta Kína í apríl til að ræða ýmis mál, meðal annars Norður-Kóreu. Sagði Trump í kjölfar fundarins að mikill árangur hefði þar náðst.

Tölurnar sem hann vísar til í tísti sínu eru hins vegar frá því fyrir fundinn og hluti þeirra frá því áður en Trump tók við embætti Bandaríkjaforseta.

Eflaust munu málefni Norður-Kóreu verða rædd á fundi G20 ríkjanna sem hefst á morgun. Fundinn sækja meðal annars Trump, Xi Jinping, forseti Kína, Shinzo Abe, forseti Japans, Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu og Vladimír Pútín Rússlandsforseti.

Þá fundaði öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fyrir luktum dyrum í gær, að frumkvæði Bandaríkjamanna.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Trump áður reiðst Kína

Tíst gærdagsins markar ekki fyrsta skipti sem Trump hefur reiðst Kínverjum. Í kosningabaráttu sinni hélt Trump því margsinnis fram að Kínverjar væru að ganga af bandarískum framleiðendum og verkamönnum dauðum.

„Við getum ekki leyft Kínverjum að nauðga landinu okkar lengur. Það er það sem þeir eru að gera,“ sagði Trump á kosningafundi í Fort Wayne í Indianaríki í maí á síðasta ári.

„Við ætlum að snúa þessu við. Við erum með spilin á okkar hendi, ekki gleyma því. Við erum eins og sparibaukur sem Kínverjar ganga í. Við erum með spilin. Við erum mjög valdamikil í samskiptum okkar við Kínverja,“ sagði þáverandi forsetaframbjóðandinn enn fremur.

Var það ekki í fyrsta skipti sem Trump líkti kínverska ríkinu við nauðgara. Slíkt hið sama gerði hann árið 2011.




# 30% ALLAR SKÓLATÖSKUR!
# VILDARAFSLÁTTUR




Skólataska - Fótbolti
**VILDARVERÐ: 13.649.-**
Verð: 19.499.-




Skólataska - Hvolpakrútt
**VILDARVERÐ: 13.649.-**
Verð: 19.499.-



Skólataska - Blómaveisla
**VILDARVERÐ: 13.999.-**
Verð: 19.999.-




Skólataska - Bionicle
**VILDARVERÐ: 13.999.-**
Verð: 19.999.-




Skólataska - Bleikur Trolls
**VILDARVERÐ: 13.999.-**
Verð: 19.999.-




Skólataska - Frozen
**VILDARVERÐ: 9.799.-**
Verð: 13.999.-




Skólataska - Freestyle
**VILDARVERÐ: 6.999.-**
Verð: 9.999.-




Skólataska - Trolls
**VILDARVERÐ: 13.999.-**
Verð: 19.999.-




Skólataska - Körfuknöttur
**VILDARVERÐ: 9.799.-**
Verð: 13.999.-




Skólataska - Prinsessa
**VILDARVERÐ: 9.799.-**
Verð: 13.999.-

**30% vildar-afsláttur**

**KÍKTU OG GERÐU GÓÐ KAUP FYRIR NÝTT SKÓLAÁR!!**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er frá 6. júlí til og með 11. júlí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Hvetur til sameiningar tæknifyrirtækja

**Stjórnarformaður Íslenska sjávarklasans telur brýnt að lítil tæknifyrirtæki sem þjóni sjávarútvegi auki samstarf sín á milli. Hann segir þau eiga erfitt með að hasla sér völl á alþjóðlegum mörkuðum. Heildarvelta tæknifyrirtækja í sjávarklasanum nálgast sjötíu milljarða.**

Þór Sigfússon, stofnandi og stjórnarformaður Íslenska sjávarklasans, hvetur til aukinnar samvinnu og jafnvel sameiningar lítilla tæknifyrirtækja í sjávarútvegi. Hann segir mörg þessara fyrirtækja bjóða afburðalausnir en sökum smæðar sinnar eigi þau erfitt um vik að vaxa og hasla sér völl á erlendum mörkuðum.

„Við sjáum gríðarleg tækifæri fyrir mörg þessara litlu tæknifyrirtækja til þess að auka samstarf sín á milli eða sameinast. Þau búa yfir afburðatækni og mikilli þekkingu en eðlilega standa þau nokkuð í stað vegna smæðarinnar. Þau hafa til dæmis ekki mikið bolmagn til þess að sinna markaðs- og kynningarmálum. Erlendir kaupendur óttast líka margir að þau geti ekki sinnt viðhaldi og þjónustu eins og vera ber,“ segir Þór í samtali við blaðið.

Aukin samvinna fyrirtækjanna sé þeim afar mikilvæg ef þau hafi á annað borð áhuga á að vaxa frekar á komandi árum.

Í nýrri skýrslu Íslenska sjávarklasans um stöðu tæknifyrirtækja sem þjóna sjávarútvegi kemur fram að einkum stóru tæknifyrirtækin, svo sem Marel, Hampiðjan, Skaginn 3X og Valka, hafi vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum á meðan litlu fyrirtækin hafi í mesta lagi haldið í horfinu. Áætlað er að velta tæknifyrirtækja innan sjávarklasans hafi vaxið á bilinu fimm til tíu prósent í fyrra. Það er minni vöxtur en undanfarin ár en skýringuna má aðallega rekja til gengisstyrkingar krónunnar. Sum stór eða meðalstór tæknifyrirtæki juku veltu sína um þrjátíu til fjörutíu prósent á meðan minni fyrirtæki stóðu mörg hver í stað eða velta þeirra jafnvel dróst saman. Ætla má að heildarvelta tæknifyrirtækja í sjávarklasanum nálgist sjötíu milljarða króna.

Mestar áhyggjur fyrirtækjanna snúa að sterku gengi krónunnar, en mörg fyrirtækjanna eru með bróðurpart veltu sinnar í erlendri mynt. Samkeppnisstaða þeirra hafi af þeim sökum beðið hnekki. Þór bendir auk þess á að staða helstu viðskiptavina fyrirtækjanna hafi veikst vegna krónunnar. Versnandi afkoma með sterkara gengi sé til dæmis líkleg til þess að draga verulega úr fjárfestingum sjávarútvegsfyrirtækja í nýrri tækni og búnaði.

Á móti komi að mörg tæknifyrirtækjanna, sér í lagi þau stærri, hafi eflst mjög á síðustu árum og bjóði lausnir sem séu að fullu samkeppnishæfar. Þannig hafi þeim tekist að viðhalda góðri samkeppnisstöðu á alþjóðlegum mörkuðum, þrátt fyrir sterkari krónu. „Það er auðvitað ánægjulegt á tímum sterkrar krónu,“ segir Þór.

Í skýrslunni kemur auk þess fram að mörg tæknifyrirtæki hafi víkkað út starfsemi sína og sinni nú í auknum mæli annarri matvælaframleiðslu. Fyrirtæki sem áður sinntu einungis sjávarútvegi bjóði nú sérstakar lausnir fyrir til dæmis kjúklinga- og svínaiðnaðinn. Sömu sögu sé að segja af vaxandi þjónustu tæknifyrirtækja við fiskeldi. Þór segir að mikil tækifæri felist í því fyrir íslensk tæknifyrirtæki að víkka með þessum hætti starfsemi sína út. Það krefjist þess þó að fyrirtækin auki samvinnu sín á milli, meðal annars í gegnum Íslandsstofu.

kristinningi@frettabladid.is



**Áætlaður meðaltekjuvöxtur tæknifyrirtækja innan sjávarklasans var fimm til tíu prósent í fyrra samkvæmt skýrslu Íslenska sjávarklasans.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Við sjáum gríðarleg tækifæri fyrir mörg þessara litlu tæknifyrirtækja til þess að auka samstarf sín á milli eða sameinast.**
>
> Þór Sigfússon, stofnandi og stjórnarformaður Íslenska sjávarklasans



## Skaginn velti 4,3 milljörðum króna í fyrra

Velta hátæknifyrirtækisins Skagans, sem selur tækjabúnað fyrir matvælaiðnaðinn, einkum fiskvinnslu, jókst um 42 prósent í fyrra og nam um 4,32 milljörðum króna. Hagnaður fyrirtækisins dróst saman um eitt hundrað milljónir á árinu og nam 248,4 milljónum króna og þá var EBITDA, þ.e. rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta, 409,3 milljónir króna, samkvæmt nýbirtum ársreikningi fyrirtækisins.

Eignir fyrirtækisins voru 1,8 milljarðar í lok síðasta árs en þær jukust um 26 prósent á milli ára. Var eiginfjárhlutfallið 29,4% í árslok. Meðalfjöldi stöðugilda var 84 á árinu.

Skaginn er í eigu félagsins I.Á. Hönnunar sem er að öllu leyti í eigu Ingólfs Árnasonar, framkvæmdastjóra og stofnanda fyrirtækisins. Fær félagið greiddar 250 milljónir króna í arð í ár.

Fyrr á árinu var tilkynnt um að fyrirtækin Skaginn, 3X Technology ásamt Þorgeiri og Ellert verði í framtíðinni kynnt undir sameiginlegu vörumerki, Skaginn 3X.


NÝ HEIMASÍÐA - BILALAND.IS

SUMARTILBOÐ



Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!

Lykill fjármögnun




KIA Sportage EX 4WD Premium
Nýskr. 12/2015, ekinn 68 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.290 þús. kr.
SUMARVERÐ: 3.590 þús. kr.




VW Tiguan Sport & Style
Nýskr. 06/2015, ekinn 64 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.390 þús. kr.
SUMARVERÐ: 3.490 þús. kr.




SKODA Octavia
Nýskr. 01/2016, ekinn 49 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.990 þús. kr.
SUMARVERÐ: 3.390 þús. kr.




HONDA CR-V Panorama
Nýskr. 12/2007, ekinn 167 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.790 þús. kr.
SUMARVERÐ: 990 þús. kr.




SUBARU Outback Lux
Nýskr. 08/2014, ekinn 57 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.490 þús. kr.
SUMARVERÐ: 3.790 þús. kr.




NISSAN X-Trail LE
Nýskr. 11/2013, ekinn 43 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.290 þús. kr.
SUMARVERÐ: 3.590 þús. kr.




PEUGEOT 208 Allure
Nýskr. 03/2016, ekinn 34 þ.km, bensín, beinskiptur.
Verð 2.390 þús. kr.
SUMARVERÐ: 1.590 þús. kr.




LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 01/2016, ekinn 61 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 9.990 þús. kr.
SUMARVERÐ: 9.390 þús. kr.




RENAULT Megane Sport Tourer
Nýskr. 05/2013, ekinn 100 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 1.990 þús. kr.
SUMARVERÐ: 1.190 þús. kr.




BMW X5 xDrive30d 3.0d
Nýskr. 11/2012, ekinn 75 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 8 gírar.
Verð 5.790 þús. kr.
SUMARVERÐ: 4.590 þús. kr.

ENNEMM / SÍA / NM82964

Birt með fyrirvara um verðbreytingar, innsláttarvillur og myndbrengl.

Opið frá kl. 9-18 og
á laugardögum frá kl. 12-16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is - www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland




# SPORTLEGUR LÚXUS

Ford Focus ST-Line er sérstök útfærsla af Ford Focus. Ford Focus ST-Line er sportlegur í útliti með álpedulum og sportstýri. Hann er sérlega skemmtilegur í akstri með hinni aflmiklu og margverðlaunuðu 150 hestafla EcoBoost vél. Sportleg sætin auka enn frekar á akstursánægjuna. Ford Focus ST-Line er vel búinn, með sportfjöðrun og stútfullur af sportlegum eiginleikum.

FORD FOCUS ST-LINE FRÁ

**3.390.000** KR.

FORD FOCUS FRÁ **2.890.000** KR.

## ST-Line búnaður

- 150 hestafla EcoBoost vél
- 8“ snertiskjár í miðjustokk
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- SYNC samskiptakerfi sem tengist snjallsíma
- Fimm stjörnu öryggi hjá EURO NCAP
- 17” Rock Metalic álfelgur
- ST-Line merkingar á hliðum
- ST-Line útlitskitt og innstigshlífar
- ST-Line LED framljós
- ST-Line þriggja arma leðurklætt stýri
- ST-Line sportsæti og sportpedalar

Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus ST-Line***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Lokað á laugardögum í sumar

# Sala bankanna



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Ríkisstjórnin vill minnka eignarhlut ríkisins í bönkunum en í stefnuyfirlýsingu hennar segir að til langs tíma litið sé ekki ákjósanlegt að ríkið fari með meirihlutaeign í viðskiptabönkunum.

Ríkið er alltumlykjandi á fjármálamarkaði en ríkissjóður á nær allt hlutafé í Landsbankanum, á Íslandsbanka að fullu og 13 prósenta hlut í Arion banka. Í eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki sem birt var á þriðjudag koma fram þau áform stjórnvalda að selja allan eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka og Arion banka en að ríkissjóður haldi eftir 35-40 prósenta hlut í Landsbankanum.

Það væri æskilegt ef stjórnvöld myndu nota tækifærið áður en bankarnir verða einkavæddir til að ráðast í kerfisbreytingar á fjármálamarkaði. Hinn 1. janúar 2019 taka gildi nýjar reglur á fjármálamarkaði í Bretlandi sem byggjast á tillögum nefndar Sir Johns Vickers. Reglurnar fela í sér að settar verða upp girðingar (e. ring fencing) utan um innlán sparifjáreigenda í bönkunum. Þetta er meiriháttar breyting á bankamarkaði í Bretlandi sem mun gera hann öruggari og draga úr áhættusækni. Þetta felur í reynd í sér óbeinan aðskilnað á viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi því þarlendir bankar munu ekki getað notað innlán sparifjáreigenda í áhættusækinni starfsemi. Þetta á að tryggja að ef bankakerfið verður fyrir áföllum munu þau ekki hafa áhrif á hefðbundna viðskiptabankastarfsemi.

Einhverra hluta vegna virðist það ganga illa að innleiða sambærilegar breytingar hér á landi. Þeir stjórnmálamenn sem vilja breyta kerfinu tala fyrir daufum eyrum. Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra skilaði í síðasta mánuði skýrslu um aðskilnað fjárfestingarbankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi. Hópurinn telur þrjár leiðir færar í þessum efnum en tekur ekki afstöðu til þess hver þeirra sé heppilegust.

Samþjöppun á bankamarkaði hefur aukist verulega frá árinu 2008 með fækkun fjármálafyrirtækja og yfirtöku banka á innlánum sparisjóða. Samkeppniseftirlitið hefur þegar lýst því yfir að alvarlegar samkeppnishindranir geti fylgt samruna bankanna. Að þessu virtu verður að telja nær útilokað að samruni einhverra þeirra yrði samþykktur af stofnuninni enda myndi það ganga í berhögg við hagsmuni neytenda.

Hin sanngjarna, gagnsæja og heiðarlega leið við sölu á eignum ríkisins er að gera það í gegnum kauphöll. Mistökin sem gerð voru við einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans eftir síðustu aldamót fólust meðal annars í því að handvelja kjölfestufjárfesta að bönkunum í stað þess að selja hlutabréf í þeim í gegnum Kauphöll Íslands. Æskilegt væri að erlendum aðilum yrði falið að annast skráningarferli og verðmat á hlutabréfum ríkisins í bönkunum að þessu sinni og að eignarhlutir ríkisins yrðu seldir í nokkrum skrefum.

Einkavæðing bankanna eftir síðustu aldamót olli langvinnum deilum og markaði djúp spor í þjóðfélagsumræðu hér á landi. Það er mikilvægt að stjórnvöld dragi lærdóma af mistökum fortíðar og vandi til verka við næstu einkavæðingu.

**Hin sanngjarna, gagnsæja og heiðarlega leið við sölu á eignum ríkisins er að gera það í gegnum kauphöll.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Samstaða gegn lúpínu**

**Sú var tíðin að ráðherrarnir fyrrverandi Hjörleifur Guttormsson og Björn Bjarnason tókust á í þinginu, enda pólitískt ættaðir úr gagnstæðum áttum. Á síðustu árum hafa þeir þó talað í sömu áttina í ýmsum efnum, til dæmis um Evrópusambandið. Í vikunni steig svo Hjörleifur fram á ritvöllinn og deildi hugleiðingum sínum um lúpínuna. Af skrifum Björns Bjarnasonar sem fylgdu í kjölfarið er ekki annað að skilja en að hann sé sammála Hjörleifi um að það þurfi að varast að lúpínan dreifi sér of víða. Það er víða vargur í véum og gott að sjá að ráðherrarnir fyrrverandi eru sammála um eitt og annað sem þarf að varast.**

**Staða rektors**

**Menntamálaráðuneytið sætir gagnrýni fyrir að hafa ekki ennþá auglýst starf rektors MR. Langþreyttir nemendur skólans ákváðu að taka málin í sínar hendur og auglýsa starfið fyrir ráðherrann í gær. Áhugasömum var bent á að senda umsóknir á netfang Kristjáns Þórs Júlíussonar ráðherra. Fréttablaðið hefur ekki vitneskju um hvort einhverjir hafi látið blekkjast og sent inn umsókn. Hitt er þó jafn ljóst að þrýstingurinn sem skapaðist á ráðuneytið með auglýsingunni varð ekki meiri en svo að þaðan heyrist enn ekki bofs.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Einokun einkabílsins



Eva H. Baldursdóttir
varaborgarfulltrúi og lögfræðingur

Aðgerðir innan Reykjavíkur undanfarinna ára hafa miðað að því að þróa borgina þannig að hún sé betri borg hvað almenningssamgöngur varðar. Umræður um samgöngumálin hafa dregist í hægri vinstri dilka með þeim afleiðingum að sumir, einkum hægra megin, telja sig þurfa að vera í harðri vörn fyrir einkabílinn. En að vera talsmaður öflugri almenningssamgangna er ekki hægri eða vinstri né þýðir það að maður sé á móti einkabílnum, þó vissulega telji ég rétt að draga úr notkun hans.

**Ferðumst meira saman**

Staðreyndir málsins eru að fólksfjölgun er ör í Reykjavík og þó að allir villtustu draumar talsmanna malbiksframkvæmda myndu ganga eftir myndi það ekki draga úr umferðartöfum að neinu ráði. Tveir plús tveir verði fjórir og viti menn, lausnin er ekki að setja allt í stokka og fjölga akreinum. Ef spár um fjölgun íbúa ganga eftir verðum við að fara að ferðast meira saman ef samgöngukerfið á að ganga upp.

Markmiðið er að Reykjavík verði borg með betri almenningssamgöngur. Sú sýn felur í sér skemmtilegri borgarbrag og fer saman við markmið um þéttingu byggðar. Aðgerðum í þá áttina verður því haldið áfram. Allir sem nota almenningssamgöngur vita að þær eru ekki á pari við það sem víða gerist erlendis en þær hafa batnað. Það er betra að nota hjól hér en áður og það er betra að nota strætó.

**Aukin fjölbreytni**

Borgarlínan færir okkur hins vegar inn í nútímann og með henni verður til hágæðakerfi almenningssamgangna. Það þýðir að ferðatíminn í strætó getur orðið á pari við einkabílinn. Breyttar ferðavenjur eru líka betri fyrir umhverfið, efnahaginn og heilsuna. Að sama skapi ættu talsmenn einkabílsins að fagna því ef fleiri fara að nota almenningssamgöngur, það þýðir meira pláss á vegum fyrir þá. Það er ekki verið að vega mikið að einokun einkabílsins, t.d. fara nú miklir fjármunir í vegaframkvæmdir. Markmiðið er fyrst og fremst að auka fjölbreytni í samgöngum.

**Breyttar ferðavenjur eru líka betri fyrir umhverfið, efnahaginn og heilsuna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Umskipti við Eystrasalt

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason

Meðal frægustu Letta úti um heim er skákmeistarinn Mikhail Tal sem hét réttu nafni Mihails Tals. Öll lettnesk karlmannsnöfn, bæði fornöfn og eftirnöfn, enda á s að mér skilst. Tal vakti heimsathygli þegar hann sigraði Mikhail Botvinnik í heimsmeistaraeinvíginu í skák 1960 og varð yngstur allra heimsmeistara fram að því, 23ja ára að aldri. Hann tapaði titlinum síðan aftur árið eftir í hendur Botvinniks, gamla brýnisins sem var heimsmeistari 1948-1963 ef tvö ár eru undan skilin, 1957 þegar Vasily Smyslov sigraði Botvinnik og 1960 þegar Tal hafði betur. Friðrik Ólafsson náði jafntefli við Tal í Júgóslavíu 1959 og lagði hann í Moskvu 1971 og á Las Palmas 1975.

Sumir telja Tal snjallastan allra skákmanna fyrr og síðar í sókn og flóknum fléttum. Garðar Sverrisson, sem átti Bobby Fischer að nánum vini, segir að fv. eiginkona Tals hafi verið daglegur gestur á heimili hans og seinni konunnar og Boris Spasský hafi skýrt það svo að Tal liði bezt í flóknum stöðum.

**Flóknar stöður**

Lettar eru vanir flóknum stöðum. Landið var undir erlendu oki frá 12. öld og nær samfellt fram til 1990. Fyrst voru það Þjóðverjar sem stjórnuðu landinu frá 12. öld til 16. aldar, síðan Pólverjar og Svíar fram á 18. öld og þá Rússar fram að fyrra stríði 1914-1918. Lettar lýstu yfir sjálfstæði 1918 og þá tók fyrst við þingræði til 1934 og síðan innlent einræði fram að síðari heimsstyrjöldinni þegar Rússar réðust fyrst inn í landið 1940, síðan Þjóðverjar 1941 og þá aftur Rússar 1944 og höfðu sig ekki á braut fyrr en 1991. Íslandssagan er heldur viðburðasnauð í samanburði við sögu Lettlands.

Ég kom fyrst til Lettlands 1992 til fyrirlestrahalds. Bókin mín um markaðsbúskap sem ég hafði skrifað ásamt tveim félögum mínum, Norðmanni og Svía, var þá komin út á lettnesku, fyrsta alvöruhagfræðibókin á því máli frá því fyrir stríð var okkur sagt. Höfuðborgin Riga var í niðurníðslu en undir yfirborðinu grillti í gamlan glæsibrag því borgin hafði verið mikilvæg miðstöð menningar og viðskipta á fyrri tíð. Sömu sögu var að segja um Eistland og Litháen. Þessi þrjú lönd höfðu hrært fyrir eigið tilstilli í meginstraumi evrópskrar menningar árin milli stríða, 1918-1939, en þau voru síðan innlimuð í Sovétríkin og svipt frelsi sínu. Til að innsigla ráðahaginn voru Rússar sendir til Eystrasaltsríkjanna þriggja í stórum stíl til að koma sér þar fyrir meðal heimamanna. Fjórðungur íbúa Eistlands og Lettlands er nú Rússar, en hlutfallið er miklu lægra í Litháen, um 5%.

**Viðsnúningur**

Lettar hafa notað tímann vel frá endurheimt sjálfstæðis síns 1991. Þeir urðu þá strax aðilar að SÞ, gengu í ESB og NATO 2004 og tóku upp evruna 2014. Í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að ESB 2003 greiddu 67% kjósenda í Lettlandi og Eistlandi atkvæði með aðild og 91% kjósenda í Litháen. Munurinn stafar trúlega af því að margir rússneskir kjósendur greiddu atkvæði gegn aðild en heimamenn greiddu flestir atkvæði með aðild. Óttinn við yfirgangssaman granna í austri hafði trúlega talsverð áhrif á úrslitin í öllum löndunum þrem líkt og í Finnlandi 1994 þegar 57% finnskra kjósenda sögðu já við ESB-aðild.

Rússar kvarta á móti undan því að rússneski minnihlutinn í Lettlandi sitji ekki við sama borð og Lettar; sama á við um Eistland. Eistar og Lettar segja á móti: Rússar skildu eftir sig sviðna jörð í Eystrasaltsríkjunum líkt og þeir hafa farið með eigið land, t.d. í Karelíu. Kaupmáttur þjóðartekna á mann í Lettlandi er nú svipaður og í Grikklandi og Póllandi, nokkru minni en í Eistlandi og Litháen og meiri en í Rússlandi skv. upplýsingum Alþjóðabankans. Lettar eru á þennan kvarða hálfdrættingar á við Íslendinga.

**Djarft teflt**

Evran reyndist engin fyrirstaða endurreisnar Lettlands eftir fjármálakreppuna sem lék landið grátt 2009-2010. Stjórnvöld hugleiddu að fella gengi latsins líkt og krónan féll hér heima og fresta upptöku evrunnar fram yfir 2014 en þau ákváðu að gera það ekki. Þau fóru heldur aðrar leiðir m.a. með því að telja launþega á að sætta sig við beina kauplækkun frekar en kaupmáttarrýrnun í krafti gengislækkunar með gamla laginu. Staðan var flókin. Djarft var teflt, en dæmið gekk upp.

Þegar Lettar endurheimtu sjálfstæði sitt 1991 þurftu þeir að byggja ýmsar stofnanir upp frá grunni eða jafnvel sækja þær til útlanda. Nær allur bankarekstur í Lettlandi – um 90% – er í höndum útlendinga, einkum Svía og Norðmanna. Norrænum bönkum var boðið að starfa í landinu gagngert til að auka gegnsæi og girða fyrir spillingu. Fjárböðun fyrir Rússa og skyld glæpastarfsemi er að mestu bundin við lettneska, rússneska og úkraínska banka sem nota Lettland nú líkt og Kýpur áður sem stökkpall inn í Evrópu.




# Neytendasamtökin vinna fyrir þig



**Stefán Hrafn Jónsson**
félagsfræðingur, varaformaður Neytendasamtakanna

Nokkuð hefur gustað um Neytendasamtökin undanfarnar vikur og þótt slíkt hafi gerst áður hafa samtökin alla jafna siglt nokkuð lygnan sjó þar sem stjórnarmenn, starfsfólk og formaður hafa unnið sem ein heild að baráttumálum neytenda.

Ég hef verið félagsmaður í Neytendasamtökunum í mörg ár. Ég hef greitt sjálfur mín félagsgjöld án þess að kvarta, líkt og skatta sem ég veit að fara að mestu í góð samfélagsleg málefni. Mér þótti stundum, eða öllu heldur var sagt, að Neytendasamtökin væru heldur hægfara. Ég naut samt góðs af því að vera félagsmaður þegar tölvufyrirtæki í bænum reyndi að snuða dóttur mína um ábyrgð á fartölvu og þagði um þekktan framleiðslugalla í skjákorti vélarinnar. Þar fengum við félagsgjaldið mitt endurgreitt margfalt það árið.

### Árangur Neytendasamtakanna

Þegar ég loks gaf mér tíma til að lesa viðtal við Jóhannes Gunnarsson, fyrrverandi formann, í marstölublaði Neytendablaðsins áttaði ég mig á að mikilvægi Neytendasamtakanna er síst minna árið 2017 en þegar þau voru stofnuð fyrir 64 árum. Hagur þess að úrlausn fannst varðandi vél dóttur minnar hverfur í skuggann af þeim árangri sem barátta samtakanna hefur skilað fyrir alla neytendur, félagsmenn sem og aðra.

Starf samtakanna felst ekki aðeins í aðstoð fyrir einstaklinga og því sem ratar í fjölmiða. Neytendasamtökin hafa í raun náð ótrúlegum árangri miðað við smæð og fáa félagsmenn. Í viðtalinu fer Jóhannes yfir mörg baráttumál samtakanna í gegnum árin og áratugina og ég fyllist lotningu. Frægast er líklega kartöflumálið þegar fámenn hagsmunasamtök þurftu árum saman að berjast á móti ríkisrekinni grænmetisverslun sem seldi óætar kartöflur og flokkaði jafnvel sem fyrsta flokks.

> **Frægast er líklega kartöflumálið þegar fámenn hagsmunasamtök þurftu árum saman að berjast á móti ríkisrekinni grænmetisverslun sem seldi óætar kartöflur og flokkaði jafnvel sem fyrsta flokks.**

Neytendasamtökin bentu á líklegt verðsamráð olíufélaganna sem mögulega var undanfari opinberrar rannsóknar á stórfelldu samkeppnisbroti þeirra og náði fram bótum fyrir þá neytendur sem sýnt gátu fram á tjón af völdum samráðsins. Barátta við ósanngjarnt og ógegnsætt ábyrgðarmannakerfi lánastofnana er annað dæmi um öflugt starf Neytendasamtakanna. Erfitt er að meta árangur stöðugrar baráttu samtakanna fyrir réttlátari smásölumarkaði fyrir landbúnaðarvörur. Margir telja að á þeim vettvangi hafi hagsmunaöfl barist fyrir hag annarra en neytenda með miklum ítökum í íslenskum stjórnmálum. Um hag neytenda í núverandi landbúnaðarkerfi er mikið deilt og mun ég ekki leiða þá deilu til lykta hér.

Við þetta er að bæta að frá og með 15. júní heyrðu reikigjöld vegna fjarskiptanotkunar innan EES sögunni til. Það er meðal annars vegna áralangrar baráttu Samtaka evrópskra neytendasamtaka, BEUC, sem íslensku Neytendasamtökin eru hluti af.

### Samhengi hagsmunaafla

Ýmis hagsmunasamtök seljenda og framleiðenda sinna hagsmunagæslu af miklu kappi og hafa úr mun meira fjármagni að spila en Neytendasamtökin. Í ljósi smæðar samtakanna sem velta um 70-80 milljónum króna árlega er árangur þeirra mikill. Ef neytendur eru ósáttir við núverandi neytendaumhverfi, þá get ég ekki hugsað mér hvernig staðan væri ef Neytendasamtökin hefðu aldrei verið stofnuð.

### Mikilvægi neytenda

Ég mun áfram starfa í stjórn Neytendasamtakanna og mun ég fús hlusta á raddir félagsmanna sem koma fram með tillögur um betrumbætur. Það er sjálfsagt og eðlilegt að félagsmenn bendi á það sem betur má fara. En fullyrðingar um að samtökin séu ekki að standa sig get ég ekki samþykkt eftir að hafa lesið viðtalið við Jóhannes og kynnt mér sögu samtakanna. Það er ekki síður neytendavitund landsmanna sem þarf að efla en staða Neytendasamtakanna.

Núverandi erfiðleikar eru tímabundnir og úr þeim verður leyst og því biðjum við félagsmenn að sýna okkur biðlund. Um síðir mun nást lending í stjórnarkreppu Neytendasamtakanna, þau munu lifa áfram. Á þeim tíma sem gustað hefur um stjórn samtakanna hefur starfsfólk samtakanna unnið ötult starf fyrir félagsmenn og í raun alla neytendur. Starfsfólkið verður endurráðið þannig að það geti haldið áfram að bera Neytendasamtökin uppi með ykkar aðstoð.

### Framtíðin

Stjórn Neytendasamtakanna og öflugt starfsfólk sér um rekstur Neytendasamtakanna. Við þurfum vissulega fleiri félagsmenn til að stunda áfram kraftmikið starf fyrir hag neytenda. Afl Neytendasamtakanna felst í samtakamætti og fjölda félagsmanna. Neytendamál snúast um svo miklu meira en tilkomu Costco og lægra vöruverð. Vísbendingum um lægra vöruverð tökum við fagnandi en neytendur þurfa áfram að standa saman og berjast fyrir bættu neytendaumhverfi á öllum sviðum. Gerumst félagsmenn og vinnum saman að betra neytendaumhverfi.

# Ber forseti Íslands ábyrgð á skipun dómara við Landsrétt?



**Svanur Kristjánsson**
prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Sveinn Björnsson forseti Íslands (1944-1952) sagði í nýársávarpi 1949:

„Og nú, hálfu fimmta ári eftir stofnun lýðveldisins rofar ekki enn fyrir þeirri nýju stjórnarskrá, sem vér þurfum að fá sem fyrst og almennur áhugi var um hjá þjóðinni og stjórnmálaleiðtogum, að sett yrði sem fyrst. Í því efni búum við ennþá við bætta flík, sem sniðin var upprunalega fyrir annað land, með öðrum viðhorfum, fyrir heilli öld.“

Ísland er sem sagt lýðveldi en með stjórnarskrá sem byggir í meginatriðum á stjórnskipan konungsríkisins Danmerkur frá 1849!

Við lýðveldisstofnun gáfu allir stjórnmálaflokkar landsins þjóðinni opinberlega hátíðleg loforð um að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins á grundvelli valddreifingar og lýðræðis. Í stað geðþóttavalds konungs skyldi koma skýr skipting valda og ábyrgðar á milli þjóðkjörins forseta, Alþingis og ráðherra. Loforðin hafa verið svikin. Afleiðingarnar eru fullkomin óvissa um grundvallaratriði í stjórn landsins þar sem t.d. valdhafar túlka völd sín og ábyrgð eftir geðþótta sínum og hagsmunum hverju sinni. Þannig ætlaði forsætisráðherra landsins sumarið 2004 að taka öll völd í landinu og „kanna heimild forseta til að synja um staðfestingu (fjölmiðla)laganna“. (Frétt RÚV 25. maí 2004.) Þessi áform forsætisráðherra urðu að engu vegna staðfestu forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar. Enginn efast lengur um rétt forsetans til að vísa umdeildum lagafrumvörpum sem Alþingi hefur samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Núverandi dómsmálaráðherra hefur verið stefnt vegna skipunar dómara í Landsrétt. Í nauðvörn er gripið til splunkunýrrar túlkunar á stjórnskipun Íslands: „Dómsmálaráðherra bar ekki

> **Við þurfum nýjan Samfélagssáttmála og nýja stjórnarskrá í samræmi við vilja 67% kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. okt. 2012. Betra er seint en aldrei fyrir Alþingi að standa undir nafni sem löggjafarþing þjóðarinnar og eyða allri óvissu um stjórnarskrá og stjórnskipan landsins.**

ábyrgð á skipun dómara í Landsrétt – ákvörðun um hverjir yrðu dómarar var Alþingis og endanlegt skipunarvald í höndum forseta Íslands. Þetta segir í greinargerð íslenska ríkisins í máli sem einn umsækjendanna um stöðu dómara höfðaði.“ (Frétt RÚV 3. júlí 2017.)

Árið 2004 taldi sem sagt einn ráðherra Sjálfstæðisflokksins að forseti Íslands væri með öllu valdalaus. 2017 kemur svo annar ráðherra sama flokks og telur að Ísland sé ennþá konungsríki þar sem forseti Íslands fari með skipunarvald, ráði að vild hverjir verða dómarar og hverjir ekki. Dómsmálaráðherra sé hins vegar ábyrgðarlaus á slíkum stjórnarathöfnum. Samkvæmt túlkun dómsmálaráðherra ætti kæra vegna skipunar dómara að beinast að hinum raunverulega handhafa, forseta Íslands, en ekki að valdlausa ráðherranum.

Íslenska lýðveldið er vissulega í sjálfheldu. Stjórnskipan landsins er stöðugt í óvissu og uppnámi. Stjórnarskráin skilgreinir ekki völd og ábyrgð mismunandi valdhafa með skýrum hætti. Nauðsynlega stjórnarskrárfestu er ekki að finna. Æðstu ráðamenn firra sig ábyrgð á gjörðum sínum og benda hver á annan eftir geðþótta. Við þurfum nýjan Samfélagssáttmála og nýja stjórnarskrá í samræmi við vilja 67% kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. okt. 2012. Betra er seint en aldrei fyrir Alþingi að standa undir nafni sem löggjafarþing þjóðarinnar og eyða allri óvissu um stjórnarskrá og stjórnskipan landsins.

# Efnahagslegur ójöfnuður er vont mál

**Forsetar Alþýðusambanda allra Norðurlandanna**



Við, talsmenn norrænu verkalýðshreyfingarinnar, skrifuðum í fyrrasumar grein sem birtist á síðum dagblaða á Norðurlöndum undir yfirskriftinni „Rödd Norðurlanda þarf að heyrast“. Áhuginn á norræna líkaninu er mikill á alþjóðlegum vettvangi. Umheimurinn gerir sér grein fyrir því að við hér á Norðurlöndum höfum sýnt fram á að ekki aðeins er mögulegt að sameina með góðum árangri hagvöxt og samkeppnishæfi með alhliða velferð og efnahagslegum jöfnuði, það er líka æskilegt. Jafnt af félagslegum sem efnahagslegum ástæðum.

Við fögnum því þeirri ákvörðun að Angela Merkel, í krafti formennsku Þýskalands innan G20, skuli hafa boðið Ernu Solberg, forsætisráðherra Noregs, sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, að taka þátt í ársfundi þjóða sem mynda 20 sterkustu hagkerfi heimsins sem fer fram í Hamborg 7. og 8. júlí. Rödd Norðurlanda þarf að heyrast á vettvangi G20, ekki einungis af þeirri ástæðu að Norðurlöndin eru tólfta stærsta hagkerfið í heiminum, heldur einnig vegna þess að Norðurlöndin eru brautryðjendur þegar kemur að sjálfbærri efnahagslegri og félagslegri þróun.

Helstu rökin fyrir þeirri verndarstefnu og þeim popúlisma sem býr að baki kosningu Trumps og niðurstöðu Brexit má finna í þróun efnahagslegs ójöfnuðar síðustu ára. Margar rannsóknir hafa staðfest að allt frá árinu 1980 hefur þróunin verið á þann veg að sífellt færri hirða æ stærri skerf af auðlindum samfélagsins. Þetta er að miklu leyti afleiðing þeirrar efnahagsstefnu sem síðan á 9. áratug síðustu aldar miðaði að því að draga úr eftirliti og hömlum, breyta skattkerfinu og draga úr opinberri fjárfestingu.

Ójöfnuðurinn hefur einnig vaxið á Norðurlöndum og sums staðar mikið. Í samanburði við önnur ríki Vesturlanda teljast okkar norrænu jafnréttissamfélög þó á meðal þeirra ríkja þar sem mestur jöfnuður ríkir. Það er því mikilvægt að Erna Solberg tali rödd Norðurlanda á leiðtogafundinum í Hamborg 7. og 8. júlí og setji í forgang þessi sex atriði sem Norðurlönd þekkja og hafa reynslu af:

Efla þarf skipulag, félagslega umræðu og samstarf á milli aðila vinnumarkaðarins, ekki síst innan ESB, en einnig á landsvísu, norræna vísu og alþjóðlega. Norðurlöndin eru samkeppnishæf og þar ríkir mikill efnahagslegur jöfnuður, m.a. vegna þess að vinnumarkaðurinn er skipulagður og einkennist af jafnræði á milli aðila hans.

Draga ber úr atvinnuleysi með því að G20 ríkin leggi fram sameiginlega opinbera fjárfestingarstefnu sem rýfur hægan hagvöxt.

Stuðla ber að jafnrétti kynjanna og hárri atvinnuþátttöku með því að móta fjölskyldustefnu, velferðarkerfi með tekjutengdum almannatryggingum, sömu laun skulu vera fyrir sömu vinnu auk möguleika á endurmenntun og þróun vinnufærni.

Fjárfesta skal í menntun, færni og símenntun fyrir alla. Sú áskorun að bjóða alhliða menntun sem eykur félagslegan jöfnuð er ein forsenda þess að hægt sé að byggja upp jafnréttissamfélag þar sem allir hafa jafna möguleika. Þekking er hornsteinn lýðræðissamfélagsins.

Grípa þarf til samstilltra aðgerða í því skyni að auðvelda aðlögun hælisleitenda og flóttamanna í móttökulandi, með því að bæta ráðningarkjör og félagslega vernd, tryggja símenntun og góða menntun, allt frá leikskóla til framhalds- og háskóla.

Takast þarf á við þær áskoranir sem leiða af nýjum tegundum fyrirtækja í stafrænu hagkerfi, þegar kemur að samkeppni, fjárfestingum og skattlagningu. Tryggja þarf öryggi, réttindi og ráðningarskilyrði starfsmanna í hinu stafræna hagkerfi.

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi

# SUMARHÁTÍÐ

## Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM







H:N Markaðssamskipti / SÍA

DÆLULYKILSHAFAR
FÁ FRÍTT Í GARÐINN Í DAG,
FIMMTUDAGINN 6. JÚLÍ,
50% AFSLÁTT AF
DAGPÖSSUM Í TÆKIN.
GARÐURINN ER OPINN
MILLI 10 og 18.

**DAGSKRÁ:**

- 15.00 GUNNAR HELGASON – STAÐARHALDARI
- 15.15 LEIKHÓPURINN LOTTA
- 15.45 EMMSJÉ GAUTI
- 16.00 INGÓ VEÐURGUÐ

- ÍSPINNAR
  frá kl. 14 á meðan að birgðir endast

- 50% AFSLÁTTUR AF DAGPÖSSUM

TAKTU
FJÖLSKYLDUNA MEÐ
OG SÝNDU DÆLULYKILINN
VIÐ INNGANGINN

FJÖLSKYLDU- OG
HÚSDÝRAGARÐURINN




Við seljum bensín fyrir fólkið. Það er ekki flókið.
Sæktu um dælulykilinn á **atlantsolia.is** eða í síma **591 3100**


KRÓNAN
249 kr. pk.
Apríkósur 500 g. Spánn
Borðaðu mig - best núna!
259 kr. pk.
Nektarínur 1 kg. Spánn
Gott verð!
159 kr. kg
Rauðar vatnsmelónur, Spánn
Krónan mælir með!
Tilboðin gilda til 10. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

EINS OG HEIMAGERÐUR 100% UNGNAUTAHAKK

## Alvöru pylsubúðin þín!




ENGIN FYLLINGAREFNI 98% KJÖT

**1999** kr. kg

KjötPól gæða pylsur




**349** kr. pk.

Pylsubrauð, 250 g, 5 stk.



## 100% hamborgarabúðin þín!

90g - 459 kr. pk.
120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.

★★★

**NÝ AÐFERÐ**
**Betri hamborgari!**

★★★

alltaf 2 stk. í pakka

## Enn betri hamborgarar!

#Grillsnilld KRÓNAN




12 stk. í pakka

Smáborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1999** kr. pk.

12 stk. í pakka, 100% hágæða smáborgarar


Tilboðin gilda til 10. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

-20%



**1359** kr. kg

Lambalærisneiðar, blandaðar

**Verð áður ~~1699~~ kr. kg**

Krónan mælir með!



Íslenskt lambalæri

**1299** kr. kg

#Grillsnilld KRÓNAN



-20%

**1299** kr. kg

Lambalæri, úrval marineringa

**Verð áður ~~1658~~ kr. kg**




**499** kr. stk.

Kartöflusalat, 400 g




**399** kr. stk.

Krónu piparostasósa, 300 ml

Tilboðin gilda til 10. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Ódýrt**







**249** kr. stk.

Karamellusósa, 250 ml

**399** kr. pk.

Krónuís, súkkulaði eða vanillu, 2 lítrar

**Ódýrt**







**299** kr. pk.

Gestus vöffluform, 10 stk.

**499** kr. pk.

Krónuís, bragðarefur, 2 lítrar

Tilboðin gilda til 10. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Björgum ungu konunum



**Guðmundur Ingi Þóroddsson**
formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Íslenskur kvenfangi er steríótýpa. Hún er á botninum, búin á því á líkama og sál. Fyrstu vikurnar í afplánun fara í að borða og sofa því íslenski kvenfanginn er aðframkominn af næringarskorti, svefnleysi og fráhvörfum. Þegar hún hefur náð áttum hefst svo leit að leiðum til að komast í vímu á nýjan leik. Hún er með tugi mála til meðferðar hjá lögreglu og ótal dóma á bakinu – alla skilorðsbundna.

Stoppum aðeins við síðasta orðið, skilorð. Dómarar hafa heimild til að binda refsidóma skilorði og með því að rýna í tölfræði dómstólanna má sjá að þeirri heimild er beitt ótæpilega þegar kemur að konum. Frá fyrsta skilorðsbundna dóminum hefur hinum íslenska kvenfanga tekist að eyðileggja nærumhverfi sitt, fjölskyldan er í sárum og talar ekki við hana, börnin komin í fóstur og henni hefur tekist að svíkja alla vini sína. Þegar hún loksins er lokuð inni þá er það til að stöðva langa brotahrinu eða vegna þess að síðasti glæpurinn var nægilega alvarlegur.

### Fá enga raunverulega hjálp

Í afplánuninni fá konurnar enga raunverulega hjálp. Þær eru í geymslu rétt eins og karlar sem afplána refsidóma á Íslandi, en oftar en ekki er ástand kvenna mun verra. Að vera með fjórum konum í afplánun getur verið eins og dvöl á

> **Engin kona í afplánun fær sálfræðimeðferð eða að hitta geðlækni. Vinna fyrir þær er mjög takmörkuð og nánast engin kona stundar nám í afplánun, einmitt vegna þess hversu langt leiddar þær eru. Enginn kennari er til að aðstoða og þær einfaldlega geta ekki einbeitt sér að námi eða nokkru öðru.**

deild þrjátíu karlmanna. Og þessu er ekki haldið fram af léttúð. Engin kona í afplánun fær sálfræðimeðferð eða að hitta geðlækni. Vinna fyrir þær er mjög takmörkuð og nánast engin kona stundar nám í afplánun, einmitt vegna þess hversu langt leiddar þær eru. Enginn kennari er til að aðstoða og þær einfaldlega geta ekki einbeitt sér að námi eða nokkru öðru.

Nýverið gagnrýndi Jón Þór Ólason, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, það fyrirkomulag hér á landi að Fangelsismálastofnun taki ákvörðun um það hvort dómþoli fái að taka út refsingu sína með samfélagsþjónustu. Ungir afbrotamenn fái almennt skilorðsbundna dóma og uppfylli því ekki skilyrði fyrir samfélagsþjónustu. „Ef dómstólar hefðu heimild til að dæma samfélagsþjónustu, annaðhvort sem sjálfstæða refsitegund eða sem sérstakt skilyrði fyrir skilorðsdómi, mætti veita ungum brotamönnum meira aðhald og beina sumum hugsanlega inn á rétta braut," sagði Jón Þór í samtali við Morgunblaðið.

### Grípa þarf inn í mun fyrr

Taka ber undir með Jóni Þór en orð hans má miklu frekar heimfæra yfir á konurnar. Hjá þeim þarf að grípa inn í mun fyrr og ásamt því að veita dómstólum heimild til að dæma samfélagsþjónustu myndi Afstaða vilja sjá dómara oftar binda frestun á fullnustu refsingar því skilyrði að viðkomandi gangist undir vímuefnameðferð. Því heimildin er sannarlega til staðar.

Tökum höndum saman og björgum þeim ungu konum sem eiga á hættu að missa allt sitt vegna linkindar í garð þeirra. Þeim er ekki greiði gerður með skilorðsdómum ef ekki fylgja inngrip til betrunar.

# Mennta þarf starfsfólk og stjórnendur fyrir fiskeldi framtíðarinnar



**Helgi Thorarensen**
prófessor við Háskólann á Hólum

Fiskeldi á Íslandi vex nú hröðum skrefum; framleiðsla á laxi hefur margfaldast og mun halda áfram að aukast og eins er ljóst að meira verður framleitt af bleikju á næstu árum. Þessi vöxtur fiskeldis mun skapa fjölda nýrra starfa bæði við eldið og í tengdum greinum.

Störf í fiskeldi eru mjög fjölbreytt og skapa tækifæri fyrir öflugt ungt fólk, sem er reiðubúið til þess að taka þátt í uppbyggingu á nýjum atvinnuvegi, sem skipta mun sköpum fyrir fæðuöryggi mannkyns í framtíðinni. Árangur í fiskeldi krefst þekkingar og segja má að fyrri áföll í fiskeldi, hér á landi sem annars staðar, tengist fyrst og fremst skorti á þekkingu.

### Skólakerfið vel í stakk búið

Eðlilegum kröfum, sem uppi eru um ábyrgt og sjálfbært fiskeldi, þarf meðal annars að mæta með því að tryggja að starfsfólk sé vel menntað og skilji vel þá ábyrgð sem það ber gagnvart náttúru og öðrum starfsgreinum. Sem betur fer er íslenskt skólakerfi vel í stakk búið til þess að sinna þessu verkefni.

Störf í laxeldi verða flest utan Reykjavíkursvæðisins og munu treysta byggð á Austfjörðum og Vestfjörðum. Einnig er mikið fjárfest í bleikjueldi á Reykjanesi og seiðaeldi á laxi á Suðurlandi og á Vestfjörðum. Fiskeldi hentar einmitt vel sem atvinnugrein í minni sjávarbyggðum, þar sem aldalöng hefð er fyrir sjósókn og fiskvinnslu. Framleiðni í áframeldi er mikil, þannig að fámenn samfélög geta staðið undir mikilli framleiðslu.

### Ábyrgð starfsmanna mikil

Sérhæfð störf í fiskeldi tengjast umsjón með seiðaeldi og áframeldi. Ábyrgð þessara starfsmanna er mikil, því það er árangur þeirra sem endanlega ræður því hvernig fyrirtækjunum mun reiða af og hversu mikil umhverfisáhrif starfsemin hefur. Það er nauðsynlegt að þessir starfsmenn hafi góða þekkingu á líffræði fiska, fóðrun, kjöraðstæðum í



Fiskeldi í Berufirði.

eldi og umhverfisáhrifum fiskeldis.

Háskólinn á Hólum hefur um árabil boðið eins árs háskólanám í fiskeldi á diplómastigi, sem er góður undirbúningur fyrir þessi störf. Það eru meðmæli með náminu að stjórnendur fiskeldisstöðva hafa hvatt starfsmenn sína til þess að sækja sér þessa menntun. Einingar úr diplómanáminu er líka hægt að fá metnar í BS nám í sjávarútvegsfræðum við Háskólann á Akureyri. Stjórnun og rekstur eru stór þáttur í sjávarútvegsfræðanáminu og það er góður undirbúningur fyrir stjórnendur fiskeldisfyrirtækja. Fjölbreytt námsframboð við aðra háskóla, t.d. í matvælafræðum og strandsvæðastjórnun, mun einnig nýtast vel við uppbyggingu fiskeldis og eftirlitsstörf tengd greininni.

### Tryggja þarf menntun

Nærri helmingur af störfum í fiskeldi eru almenn störf við eldi, sem ekki krefjast háskólamenntunar. Þessir starfsmenn þurfa engu að síður að hafa undirstöðuþekkingu á fiskeldi og það er mikilvægt að þeir fái menntun við hæfi, t.d. á vegum símenntunarmiðstöðva. Nú er unnið að undirbúningi fyrir slíkt nám á Vestfjörðum og Fisktækniskólinn í Grindavík býður nám í fiskeldi á framhaldsskólastigi.

Það þarf að mennta fjölda fólks til starfa í greininni á næstu árum. Ný störf í fiskeldi opna spennandi möguleika fyrir ungt fólk að fá vinnu við hæfi í heimabyggð og ekki síður fyrir þá sem vilja flytja í dreifbýli og nýta þau lífsgæði sem lítil samfélög bjóða. Það þarf að tryggja greiðan aðgang að menntun í fiskeldi á þeim svæðum þar sem þessi mikilvæga atvinnugrein er stunduð. Símenntunarmiðstöðvar munu bjóða námskeið fyrir almennt starfsfólk í fiskeldi, hliðstæð þeim sem boðin eru t.d. í fiskvinnslu. Háskólanám í fiskeldi er boðið í fjarnámi við Háskólann á Hólum og eins er nám í sjávarútvegsfræði boðið í fjarnámi. Það eru því allar dyr opnar fyrir þá sem vilja sækja sér menntun í fiskeldi og leggja sitt af mörkum til að byggja það vel upp til framtíðar.

# „Olíufundur gæti gjörbreytt Íslandi“



**Hildur Knútsdóttir**
rithöfundur

Í viðtali sem birtist í Viðskiptablaðinu þann 1. júlí síðastliðinn segir Heiðar Guðjónsson, hagfræðingur og fjárfestir, frá áformum Eykon Energy um að bora ekki eina heldur þrjár borholur á Drekasvæðinu til að freista þess að dæla upp olíu. Hann fullyrðir að ef olía finnist muni ríkið græða milljarða og enginn kostnaður muni falla á ríkissjóð. Við þetta er ýmislegt að athuga.

**1)** Það er löngu vitað að brennsla á jarðefnaeldsneyti veldur hröðum loftslagsbreytingum sem ógna nú öllu lífríki jarðar. Lífríki Íslands er þar ekki undanskilið. Á tímum hnattvæðingar erum við ekki eyland í neinum öðrum skilningi en landfræðilegum: Breyttur veruleiki í breyttu loftslagi mun raska jafnvægi á alþjóðavettvangi á komandi áratugum með ófyrirséðum afleiðingum fyrir þjóð sem treystir jafn mikið á innflutning og við gerum.

**2)** Ísland mun þurfa að laga innviði að loftslagsbreytingum. Við gætum þurft að byggja varnargarða við strendur, flytja byggð og finna aðrar leiðir til að framleiða rafmagn en með fallvatni frá jöklum þegar jöklarnir bráðna. Það hefur í för með sér kostnað sem mun að öllum líkindum falla á ríkissjóð.

**3)** Það er sannað að brennsla á olíu veldur súrnun sjávar. Áhrifin á vistkerfi hafs geta orðið gríðarleg og ógnin við sjávarútveginn, sem lengi hefur verið undirstöðuatvinnugrein Íslands, er raunveruleg. Kaldur sjór tekur upp meiri koltvísýring en heitur og súrnar því sérstaklega hratt. Hver dropi af olíu frá Drekasvæðinu sem verður brenndur á næstu árum mun því hafa bein áhrif á hafið í kringum Ísland og þá fiskistofna sem við nýtum.

**4)** Olíuleki frá borholu á Drekasvæðinu gæti haft hrikalegar afleiðingar fyrir Ísland, bæði á umhverfi

> **Heiðar segir að ef þetta gangi eftir og olía finnist þá muni Ísland gjörbreytast og verða í stöðu til að „hjálpa umheiminum“. En sannleikurinn er auðvitað sá að stærsta framlag Íslendinga í baráttunni fyrir betri heimi gæti einfaldlega verið að hverfa frá áformum um olíuvinnslu og láta olíuna sem kann að leynast á Drekasvæðinu vera.**

og efnahag. Hreinsun eftir olíuslysið sem varð í Mexíkóflóa árið 2010 kostaði um 7.000 milljarða íslenskra króna. Það er afar hæpið að ríkið hafi bolmagn til að borga þann reikning. Hafa þeir einkaaðilar sem Heiðar er í forsvari fyrir það?

**5)** Við vitum að loftslagsbreytingar koma til með að valda hörmungum í framtíðinni – þær eru þegar farnar að gera það, til dæmis með tíðari skógareldum, flóðum og öfgum í veðurfari. Og því meiri olíu sem við brennum því meiri verða hörmungarnar. Að sama skapi eykst hættan á því að við setjum af stað keðjuverkun sem verður ekki stöðvuð. Og hættan er raunveruleg.

**6)** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reiknaði út árið 2015 að notkun jarðefnaeldsneytis kosti skattgreiðendur um heim allan 5,3 billjónir Bandaríkjadala á ári.

**7)** Ríki heims skuldbundu sig með Parísarsáttmálanum til að halda hlýnun jarðar innan við 2°C. Ef Parísarsáttmálinn á að halda þá má ekki brenna þeim 20 milljörðum tunna af olíu sem Heiðar vonast til að finna. Ef Parísarsáttmálinn á að halda megum við ekki brenna nema ⅓ af þekktum eldsneytislindum. Heiðar er að leita að nýjum og áður óþekktum lindum og þar með að veðja á að Parísarsamkomulagið – sem ríkisstjórn Íslands hefur nótabene fullgilt – haldi ekki.

Heiðar segir að ef þetta gangi eftir og olía finnist þá muni Ísland gjörbreytast og verða í stöðu til að „hjálpa umheiminum“.

En sannleikurinn er auðvitað sá að stærsta framlag Íslendinga í baráttunni fyrir betri heimi gæti einfaldlega verið að hverfa frá áformum um olíuvinnslu og láta olíuna sem kann að leynast á Drekasvæðinu vera. Það er það eina siðferðilega rétta í stöðunni og besta leiðin fyrir okkur að „hjálpa umheiminum“.

En Heiðar Guðjónsson talar ekki um siðferði eða réttlæti. Nei, Heiðar er að tala um hagnað. Hann er að tala um peninga.

Ef við, Íslendingar, ætlum í alvörunni að loka augunum fyrir staðreyndum og láta stjórnast af græðgi þá skulum við vita að þetta verða aldrei annað en blóðpeningar. Og Ísland verður ekki samt.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 6. JÚLÍ 2017



Í myndum Berglindar ríkir mikil litagleði og yfirbragð þeirra er glettnislegt.

# Önuglyndar konur í hátískuheimi

Berglind Svavarsdóttir myndlistarkona er búsett í Mílanó. Hún starfaði um skeið í verslun eins helsta tískumerkis heims og fékk þar innblástur að myndlistarsýningu sem hún hélt í nágrenni Mílanó á dögunum. →2



Magnea Einarsdóttir fatahönnuður gefur konum góð ráð um fataval fyrir brúðkaupsveislur.

tíska →4




ÚTSALA

comma,

SMÁRALIND

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Framhald af forsíðu ➡

Eftir að hafa lokið myndlistarnámi á Íslandi ákvað Berglind Svavarsdóttir myndlistarkona að halda til Mílanó í frekara nám og hefur mannlífið þar í borg haft áhrif á listsköpun hennar æ síðan. Mannlífið á Quadrilatero d'Oro eða „Gullna rétthyrningnum“ eins og hverfið þar sem hátískurisarnir standa hlið við hlið er kallað, varð henni innblástur í málverk sem hafa vakið töluverða athygli.

„Það gerist oft í myndlist og öllum skapandi störfum að daglegt líf veitir innblástur. Til að mynda starfaði ég um skeið í verslun eins helsta tískumerkis heims og hegðunarmynstur ákveðins hluta þeirra kvenna sem komu í verslunina vakti forvitni mína. Þetta var næstum eins og starf þeirra sumra, að ganga á milli fínna og dýrra merkjabúða nánast daglega og kaupa og kaupa og kaupa. Stundum keyptu þær í einni búð,

> **Búðin hélt lista fyrir sumar þessara kvenna yfir það sem þær voru búnar að kaupa svo þær myndu ekki kaupa sömu vöruna aftur og aftur.**
>
> Berglind Svararsdóttir, myndlistarmaður

fóru svo í næsta útibú til að skipta og það var verkefni dagsins. Búðin hélt lista fyrir sumar þessara kvenna yfir það sem þær voru búnar að kaupa svo þær myndu ekki kaupa sömu vöruna aftur og aftur. Þannig að þær voru ekki að kaupa af því að þær vantaði eða til að nota heldur frekar virtist mér til að fylla upp í einhvers konar tómarúm. Ég sá konur bresta í grát af því að peysa sem þær vildu var búin.“ Konurnar báru með sér að lifa allsnægtalífi en samt vantaði eitthvað. „Ég las einhvern tíma þá skilgreiningu að lúxus væri tími, pláss og þögn. Þessar konur höfðu



Málverk Berglindar hafa vakið athygli en hún blandar saman ímyndum af hátískuviðskiptavinum og glettnislegri náttúru.



Berglind Svavarsdóttir myndlistarkona hefur búið og starfað í Mílanó um nokkurt skeið.

möguleikann á þessu öllu, bjuggu við lúxus en kusu að eyða lífinu í stefnulaust ráf milli verslana.“

Náttúran hafði fram að þessu verið grunnstefið í verkum Berglindar. „En smám saman fóru þessar önuglyndu konur að rata inn í myndirnar mínar ásamt alls kyns fólki sem ég sá á förnum vegi, eins og t.d. í lestum eða úti á götu. Oft reyni ég að leggja alls kyns „týpur“ á minnið svo segja má að verkin þróist út frá félagslegri athugun.“ Á myndunum má sjá lífsleiðar konur í verslunum sem þegar grannt er skoðað bjóða mjög furðulegan og skemmtilegan varning. „Sem mótvægi við þessa mannlegu flóru og þörf hennar fyrir að sýnast og byggja allt upp á ímyndinni hafa alls kyns verur úr dýraríkinu sífellt meira vægi í verkunum mínum og hafa jafnvel stundum yfirhöndina. Einkenni myndanna er einmitt þessi samtvinnun tveggja heima, annars vegar hins raunverulega sem einkennir nútíma samfélag og hins vegar náttúrunnar og þess sem á rætur sínar í sögum og ævintýrum.“

Berglind hélt myndlistarsýningu fyrr í sumar rétt fyrir utan Mílanó. „Ég fékk góð viðbrögð og það kom



Föt kvennanna á málverkunum hafa vakið athygli enda myndu mörg þeirra sóma sér vel á sýningarpöllum hátískuhúsanna.

þó nokkuð af fólki. Og svo eru plön um sýningu á Íslandi á næsta ári.“ Fötin sem konurnar klæðast á myndunum vöktu athygli á sýningunni enda auðvelt að sjá þau fyrir sér á tískusýningarpöllunum. „Hver mynd er saga út af fyrir sig og fötin eru hluti af henni. Eins og stendur eru þessi föt ekki til nema á pappír eða á striga. Ég hef verið spurð að því hvort ég vilji fara í þessa átt og jafnvel taka þessa fatahönnun skrefi lengra en í augnablikinu er það ekki inni í myndinni.“







Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433


STÓR-
ÚTSALA
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is







SUMARLEIÐIN
11GB
FYRIR AÐEINS
2.590 KR. Á mánuði
SKRÁÐU ÞIG Á 365.IS
365

# Best klædd í brúðkaupinu

**Það er mikið um brúðkaup þessa dagana. Sumir verða ráðvilltir þegar þeir fá boðskort og vita ekkert hvernig þeir eiga að fara klæddir í slíka veislu.**

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Magnea Einarsdóttir fatahönnuður opnaði nýlega verslunina A.M. Concept Space í Garðastræti 2 ásamt Anítu Hirlekar sem einnig er fatahönnuður. „Við kynntumst í námi okkar í London í listaháskólanum Central St. Martins þar sem ég lagði áherslu á prjón en hún á prent. Við seljum vörur okkar beggja ásamt því að fá til liðs við okkur nýjan listamann eða hönnuð reglulega með kynningu og eins konar „popup“ á sinni vöru,“ segir Magnea. „Í vikunni fékk ég fyrstu sendingu af nýrri línu, dásamlegum peysum og húfum úr móher- og merínóull,“ segir hún.

Magnea var beðin um að gefa konum ráð um viðeigandi klæðnað í brúðkaupi. Hún segist sjálf hafa verið í brúðkaupi nýlega þar sem hún valdi að klæðast eigin hönnun. „Ég var í ermalausum silkikjól úr nýjustu línunni minni, MAGNEA, sem kemur á markað í haust. „Valið stóð milli þessa kjóls og víðra, síðra buxna og silkitopps frá Anítu Hirlekar en ég reyni að klæðast íslenskri hönnun við hvert tækifæri. Við kjólinn klæddist ég leðurjakka og hvítum, reimuðum, flatbotna skóm sem mér fannst búa til góðan balans við síðan silkikjól og gera lúkkið um leið afslappaðra. Ef ég hefði valið buxurnar hefði ég hins vegar verið í hælum við,“ útskýrir hún.

**En hvað á maður helst að hafa í huga þegar maður velur föt í brúðkaup?** „Það eru auðvitað ákveðnar rótgrónar „reglur“ þegar kemur að brúðkaupsgestaklæðnaði og þá sérstaklega hjá okkur kvenfólkinu. Við megum ekki klæðast hvítu og helst ekki svörtu og svo megum við heldur ekki skyggja á brúðina. Ég held að svona reglur eins og aðrar sem varða klæðaburð kvenna séu deyjandi fyrirbæri. Við eigum að klæðast því sem okkur líður best í, burtséð frá tískutrendum og ævafornum reglum. Ef ég væri beðin um ráð, myndi ég skoða týpuna sem um ræðir. „Ég ráðlegg auðvitað öllum að kynna sér hvað íslenskir fatahönnuðir hafa upp á að bjóða. Einnig er gott ráð að máta klassískar flíkur úr skápnum heima, flíkur sem manni líður vel í og veit að fara manni vel. Þó maður hafi kannski notað flík oft áður býður hún kannski upp á nýja stíliseringu, til dæmis með „statement“ belti, hálsmeni eða eyrnalokkum, skóm eða sokkabuxum,“ segir Magnea.

Þegar hún er spurð hvort skipti máli hvort brúðkaupið sé að vetri eða sumri, svarar hún: „Ekki endilega. Maður færi kannski síður berleggja í ermalausan blómakjól að vetri til en sami kjóllinn gæti virkað með fallegum sokkabuxum, rúllukragabol innanundir og pels eða ullarkápu yfir.“

Magnea bætir við að það geti skipt máli hvar brúðkaupið sé haldið, hvort það sé sveitabrúðkaup, í fallegum sal eða í tjaldi. „Oft má lesa stemminguna út úr boðskortinu. Oftast nær eru brúðkaup þó af þeim toga að fólk klæðir sig upp í sitt fínasta, nema annað sé tekið fram. Það eru þá oftast sveitabrúðkaupin, þar sem hlý peysa og góðir skór eru staðalbúnaður, sem skera sig úr en þá er nú alltaf hægt að finna smekklegar ullarpeysur og vera í fallegum kjól eða dressi innanundir.“


Magnea Einarsdóttir fatahönnuður veit hvernig best er að klæða sig þegar farið er í brúðkaup. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óskrifuð regla hefur verið að koma ekki í hvítum kjól í brúðkaup. Magnea segir að sér finnist það í lagi svo lengi sem kjóllinn sé ekki bókstaflega eins og brúðarkjóll. „Sömuleiðis er hvít buxnadragt í lagi svo framarlega sem maður forðast brúðarlúkkið. „Maður þarf að gæta að því að poppa dressið upp með töffaralegum topp eða blússu, skóm og skarti. Gallabuxur eru hins vegar ekki leyfilegar nema kannski í mjög sérstöku sveitabrúðkaupi en það færi algjörlega eftir stíliseringunni en þá þarf að gæta mjög vel að öllum smáatriðum.“

**Hvað með mjög stutt pils eða kjól?** „Ég held reyndar að það sé ekki langt í að við förum að sjá mínípilsin aftur en það má deila um hversu stutt er of stutt. Þetta snýst fyrst og fremst alltaf um það sem hverri konu finnst fara sér best. Ég hef komist að því gegnum tíðina að ég vil að pilsin nái mér niður fyrir hné svo ég mundi ekki velja það fyrir mig. Mér finnst fallegast þegar konur klæða sig eftir sínum vexti, hvort sem þær vilja leggja áherslu á mitti, ökkla, axlir eða leggi.“

**Hvað með leðurjakka?** „Leðurjakki við fínan kjól getur komið mjög skemmtilega út og því finnst mér það í góðu lagi en ég sé fyrir mér að því síðari og léttari sem kjóllinn er því betur passi það saman,“ segir Magnea.


ÚTSALA
30%
LIVE IN LEVI'S
Levi´s Kringlunni - Levi´s Smáralind - Levi´s Glerártorgi










# Swimslow til Parísar

**Swimslow, nýtt íslenskt sundfatamerki, er á leiðinni á stóra sölusýningu í París. Merkið kom á markað fyrir þremur vikum. Erna Bergmann hönnuður segir bolina rjúka út.**

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



Viðtökurnar hafa verið frábærar, fólk er farið að hugsa meira um hvaðan fötin koma og vill versla við aðila sem vinna hlutina á samfélagslega réttan máta. Við leggjum áherslu á gegnsæi allt frá teikningu að lokaafurð og hugum að hverju smáatriði þegar kemur að vörunni. Bolirnir eru úr endurunnu efni, nælonfiskinet og teppi eru veidd upp úr sjónum og þráður unninn úr þeim í Slóveníu. Þráðurinn er síðan unninn í efni á Norður-Ítalíu og sundbolirnir eru saumaðir í 50 km fjarlægð frá verksmiðjunni. Allar myndir í markaðsefni eru teknar hér á landi og bolirnir heita eftir mínum uppáhaldslaugum á Íslandi, til dæmis Krossneslaug og Sundhöllin," segir Erna Bergmann, eigandi og hönnuður hins nýja sundfatamerkis Swimslow.

Erna er á leiðinni með sundbolina á sýninguna Mode City sem fram fer nú um helgina. Þangað mæta innkaupastjórar stórra verslana um allan heim í leit að nýjum og spennandi vörum í hillurnar.

„Þetta er flott sölusýning og leiðandi í þessum bransa. Þarna eru stór merki og þess vegna er ótrúlega spennandi fyrir okkur að komast þarna að, sérstaklega í ljósi þess að við settum sundbolina ekki á markað fyrr en í júní. Þetta getur því þýtt mikið fyrir svona lítið fyrirtæki að fá að sýna sig á þessum vettvangi," segir Erna.

„Við höfum ekki kynnt bolina erlendis áður. Við frumsýndum þá á HönnunarMars hér heima í vor og þann 14. júní síðastliðinn hleyptum við línunni af stokkunum með opnunarhófi í Geysi. Sýningin í París er næsta skref en þetta gerist allt frekar hratt, sem er kannski öfugsnúið miðað við heiti merkisins, Swimslow," segir hún sposk. „Við erum með alls konar hugmyndir á teikniborðinu um framhaldið en ætlum að taka eitt skref í einu."

Bolirnir eru komnir í sölu í Geysi, Yeoman boutique á Skólavörðustíg og Akkúrat í Aðalstræti og segir Erna þá rjúka út. „Þeir fara hratt, einn stíllinn er nánast uppseldur en við eigum von á sendingu í ágúst."



Swimslow kom á markað fyrir þremur vikum og verður nú kynnt á stórri sölusýningu í París. MYNDIR/SAGA SIG



Bolirnir eru úr endurunnu efni.



Erna frumsýndi bolina á HönnunarMars í vor.



Erna Bergmann, eigandi Swimslow.



Bolirnir bera nöfn uppáhaldssundlauga Ernu á Íslandi, t.d. Sundhöllin.


ALLT INNIFALIÐ
MEÐ ÖLLUM OKKAR LEGSTEINUM
NR. 116-5
VERÐ KR. 186.000
~~316.100~~
NR. 2042
VERÐ KR. 149.900
~~276.600~~
NR. 2046
VERÐ KR. 270.220
~~408.900~~
NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 265.420
~~402.900~~
NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 329.420
~~482.900~~
NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 297.420
~~442.900~~
NR. 2021
VERÐ KR. 304.620
~~451.900~~
NR. 115
VERÐ KR. 369.420
~~532.900~~
NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 313.420
~~462.900~~
NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 385.420
~~552.900~~
ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚIN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?
GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.
FYRIR
EFTIR
GYÐA ÓSKARSDÓTTIR
F. 22. 3. 1926 D. 26. 1. 1950
DÓTTIR HENNAR
INGIBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR
F. 23. 10. 1947 D. 1. 3. 1973
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.
MÖRKINNI 4,
108 REYKJAVÍK
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# Má vera sæt og fín í útilegu

## Hvernig stígur kona fersk og fögur út úr tjaldi eftir baðleysi í Guðs grænni náttúrunni og langar gleðinætur undir bláhimni? Snyrtifræðingurinn Sunna Björk Karlsdóttir kann við því svarið og gefur hér nokkur góð ráð.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Vel snyrtar og litaðar augabrúnir gera gæfumuninn og eru sennilega fyrsta ráðið sem ég gæfi þeim sem vilja koma sætar út úr tjaldinu á morgnana; að fara í litun og plokkun,“ segir Sunna Björk Karlsdóttir, nýútskrifaður snyrtifræðingur úr Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, spurð um hollráð til að líta sem best út á ferðalagi um íslenskar sveitir og náttúru.

„Útilega og útilega er ekki alltaf það sama,“ segir Sunna. „Það er ekki til neitt sem heitir bannað í förðun í útilegum og hver og ein finnur hvað henni þykir best. Allt fer það eftir því hvort ætlunin sé að njóta náttúru og útivistar, eða koma saman í gleðskap. Fremur flókið er að burðast með allan förðunarpakkann með sér í tjaldútilegu og ég hugsa að flestar skilji gerviaugnhárin eftir heima.“

Þegar kemur að ferðalögum og tjaldbúskap segir Sunna val hverrar konu að vera vel tilhöfð.



Sunna Björk Karlsdóttir er nýútskrifaður og verðlaunaður snyrtifræðingur. MYND/EYÞÓR

**Það er ekki til neitt sem heitir bannað í förðun í útilegum og hver og ein finnur hvað henni þykir best. Það er flókið að burðast með allan förðunarpakkann í tjaldið og hugsa ég að flestar skilji gerviaugnhárin eftir heima.**

„Það er sjálfsagt að fríska upp á útlitið. Náttúruleg fegurð er alltaf flott en hana má undirstrika með litun og plokkun og þarf ekki alltaf mikla fyrirhöfn til að líta vel út. Persónulega hef ég ekki mikið fyrir því að mála mig í útilegum en það er alltaf gaman og gott að fríska sig aðeins við.“

### Hrein og ljómandi húð

Sumartískan í förðun er náttúruleg og húðin á að ljóma. Mikið um jarðliti og mildar skyggingar, að sögn Sunnu.

„Gott er að undirbúa húðina þannig að hún ljómi og líti sem best út á ferðalögum; hvernig sem viðrar og við hvaða aðstæður sem er, eftir langan akstur og gleðskap fram á nótt. Alltaf skal sinna húðinni vel heima, nota hreinsivörur tvisvar á dag, djúphreinsa eftir þörf húðgerðar og nota maska. Einnig er hægt að fara í alls kyns meðferðir á snyrtistofu sem gefa húðinni ljóma og gera hana líflegri, eins og rakameðferðir, sýrumeðferðir og fleira gagnlegt.“

**En hvað á að hafa í snyrtibuddunni til að líta sem best út undir bláhimni?** „Aðalatriðið er að vera með hreinsivörur og þvo andlitið kvölds og morgna. Sumum líður betur með létta förðun og þá er gott að hafa meðferðis hyljara, litað dagkrem eða farða (e. make). Svo er einstaklingsbundið hvaða förðunarvörur eru ómissandi; sumar vilja skerpa línur í kringum augu á meðan aðrar geta ekki verið án þess að setja eitthvað á varirnar. Oft er erfitt að sleppa farða séu konur vanar honum, en með litun og plokkun má segja að þær vinni sér í haginn, þótt sumar kjósi frekar að mála sig sjálfar og nota maskara.“

Þar sem ekki verður komist í bað úti í Guðs grænni náttúrunni segir Sunna best að velja húðvörur sem hægt er að hreinsa af með bómull.

„Micellar-vatnið frá Comfort Zone er algjör snilld og þrífur af allan farða, þar með talinn varalit og augnfarða. Ég ráðlegg öllum að þrífa af sér farða, alltaf. Og hvort sem farði er notaður eða ekki, þá safnast óhreinindi á húðina yfir daginn og þau þarf að hreinsa fyrir svefninn. Óhreinindi safnast líka á húð yfir nóttina og því mæli ég með að hreinsa hana á morgnana líka. Það vill enginn setja krem yfir óhreinindi enda gera þau meira gagn fyrir hreina húð.“

### Verðlaunuð í snyrtifræði

Sunna útskrifaðist sem snyrtifræðingur frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í vor. Hún er uppalin í Búðardal en ættuð frá norðanverðum Vestfjörðum og Strandasýslu.

„Ég fékk að fara í litun og plokkun fyrir ferminguna og þá kviknaði áhugi minn á snyrtifræði,“ segir Sunna. „Þegar að framhaldsskóla kom vildi ég helst fara í nám sem gæfi mér starfsréttindi og þar kom snyrtifræðin sterkust inn. Á þeim tíma var ég ekkert sérstaklega upptekin af förðun, en það var svo margt annað sem mér þótti spennandi við snyrtifræðina, eins og nudd, andlitsmeðferðir, handsnyrting og fleira.“

Sunna starfar sem snyrtifræðingur á Snyrtistofunni Dimmalimm í Árbæ, þar sem hún lauk einnig samningi sínum fyrir útskrift.

„Þegar ég hóf starfsnám í fyrrasumar var ég valin ásamt vinkonu til að fara í mánuð til Írlands og vinna sem nemi á snyrtistofu. Það var ævintýri og gaman að segja frá því að ég tók líka þátt í Íslandsmóti iðn- og verkgreina og lenti þar í 3. sæti í snyrtifræði.“

**En hvert er besta bjútíráð Sunnu fyrir útileguna?** „Litun, plokkun og augnhárapermanett! Og ekki má gleyma sólarvörninni!“



# Skerping ehf.




## Þjónusta við tré- og málmiðnað í yfir 35 ár

## Eigum í úrvali:

- Hjólsagarblöð
- Bandsagarblöð
- Tifsagarblöð
- Fræsitennur
- Handfræsitennur
- Fræsihaka
- Hefiltennur
- Sagarblöð fyrir plastparket
- Dósabora fyrir tré
- Þrepabora fyrir stál
- Fræsitannahausa
- Sérsmíðum fræsitennur fyrir skrautlista


Hjólsagarblöð


Tifsagarblöð


Dósaborar fyrir tré


Handfræsitennur


„Gluggasett“ fyrir opnanleg fög


Þrepaborar fyrir stál


Fræsihausar og tannasett


Hjólsagarblöð fyrir plastparket


Fræsihausar fyrir sérsmíðaðar tennur


Hakar


Bandsagarblöð


Verkstæði og verslun Smiðjuvegi 11

- Skerpum sagarblöð í hjól- og tifsagir
- Skerpum hnífa og blöð í allrahanda skurðarvélar stórar sem smáar
- Skerpum hnífa og tennur í hand- og garðverkfæri stór sem smá
- Skerpum hnífa og blöð í flestar gerðir sláttutækja, hand- og vélknúinna

Þurfir þú bit í verkfærin komdu þá með þau í Skerpingu

**Skerping ehf.** *Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488* **Gul Gata**

Gestur 5.7.17

## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**

Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Holtsvegur 39 – útsýnisíbúð á efstu hæð**

OPIÐ HÚS





Glæsileg 131,8 fm 4ra herbergja penthouse íbúð á 4.hæð (íbúð 402) í nýju lyftuhúsi við Holtsveg í Urriðaholti í Garðabæ. Mikið útsýni. Tvö bílastæði í bílageymslu fylgja. Stofa og þrjú herbergi. Sér þvottaherbergi innan íbúðar. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 79,9 millj.
Sjá nánar inná eignamidlun.is. Einnig eru tvær aðrar penthouse íbúðir eftir sem verða einnig til sýnis. Verð frá 65,9 millj.

**Opið hús fimmtudaginn 6. júlí milli 12:15 og 13:00**

**Einnig er hægt að bóka skoðun hjá:**
Brynjari Þór Sumarliðasyni lg. fasteignasala s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is eða
Magneu S. Sverrisdóttur lögg. fasteignasala s. 861 8511, magnea@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

## Útboð

**Sveitarfélagið ÁRBORG**

# ÚTBOÐ

**Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í gerð deiliskipulagstillögu fyrir nýja íbúðabyggð og blandaða byggð á u.þ.b. 40 ha svæði sem liggur sunnan við þéttbýlið á Selfossi og til austurs, meðfram Eyravegi og Eyrarbakkavegi. Óskað er eftir tilboðum í allt verkefnið eins og því er lýst í verðkönnunargögnum.**

Lýsing á deiliskipulagsverkefninu skal liggja fyrir, tilbúin til fyrirlagnar í skipulags- og byggingarnefnd Árborgar þann 1. október 2017. Deiliskipulagstillaga skal liggja fyrir, tilbúin til fyrirlagnar í skipulags- og byggingarnefnd eigi síðar en þann 1. febrúar 2018.

Verðkönnunargögn verða afhent á pdf formi frá og með 3. júlí 2017. Beiðnir um afhendingu verðkönnunargagna skulu sendar á netfangið utbod@arborg.is þar sem fram koma upplýsingar um nafn, netfang og símanúmer bjóðanda.

Nánari upplýsingar gefur Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi í gegnum netfangið bardur@arborg.is. **Tilboðum skal skilað á netfangið asta@arborg.is eigi síðar en kl. 11:00 þann 17. júlí 2017.**

## Tilkynningar

### AUGLÝSING
### Um skipulag Sveitarfélagið Vogar
### Tillaga að deiliskipulagi fyrir Aragerði 4

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 28. júní 2017 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir Aragerði 4 vegna fyrirhugaðar byggingar fjölbýlishúss á tveimur hæðum með 6 íbúðum. Tillagan er sett fram á uppdrætti ásamt greinargerð og vísast til hennar um nánari upplýsingar.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar frá og með fimmtudeginum 6. júlí 2017 til og með fimmtudagsins 17. ágúst 2017. Tillagan er einnig aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is/Skipulag/Skipulag_i_kynningu/

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is **eigi síðar en fimmtudaginn 17. ágúst 2017.**

*Vogum, 6. júlí 2017*
*f.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*

### AUGLÝSING
### um skipulag
### Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028
Svæði norðan Vogavegar

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 28. júní 2017 tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að felld er burt verslunar- og þjónustusvæði (VÞ-1) fyrir eldsneytisstöð með sjálfsafgreiðslu við iðnaðarsvæði (I-1) norðan Vogavegar. Þess í stað er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði (I-1) á sama hátt og aðliggjandi svæði.

Greinargerð með rökstuðningi er á uppdrætti dags. 19. júní 2017 Í mkv. 1:10.000.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Voga.

*Vogum, 6. júlí 2017*
*f.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Öskjuhlíð, Perlan
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 14. júní 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. júní 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna Perlu nr. 1 við Varmahlíð. Í breytingunni felst m.a. að gera byggingarreit fyrir nýtt mannvirki norðan „Perlunnar" sem er að mestu neðanjarðar og tengist núverandi byggingu og breyta staðsetningu á nýjum hitaveitutanki. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Suður Mjódd
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. júní 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 29. júní 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Í breytingunni felast m.a. breytingar á íþróttasvæði ÍR, breytingar á lóðum við Árskóga 1-7, breytingar á lóð Álfabakka 2 og lagnakvöðum á öllu svæðinu. Einnig er gert ráð fyrir nýrri verslunar- og þjónustulóð á norðvestur hluta svæðisins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Háskóli Íslands, Hringbraut 29
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. júní 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 29. júní 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vegna lóðarinnar nr. 29 við Hringbraut sem felst í viðbyggingu við Gamla Garð og nýbyggingu á lóð sunnan hans. Byggingarnar eru tvær, annars vegar viðbygging við suðvesturgafl Gamla garðs, og hins vegar L- laga nýbygging sem opnast að Gamla Garði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 6. júlí 2017 til og með 17. ágúst 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is,*** skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 17. ágúst 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 6. júlí 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

ráðum ráðningarstofa
Ertu að leita að starfi?
RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



VIÐ ERUM 5 ÁRA
FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ Í JÚLÍ
MARS / SNICKERS
9 STK. Í PAKKA
249 KR. PK.
BEN & JERRY´S
ALLAR TEG.
499 KR. PK.
500ml
POWERADE
ALLAR TEG.
149 KR. PK.
OREO / DAIM ÍS
3. STK. Í PAKKA
199 KR. PK.
FJALLALAMB
FROSIÐ LAMBALÆRI
999 KR.KG
ICELAND PIZZUR
DEEP PAN OG THIN & CRISPY
199 KR. STK.
GATORADE
ALLAR TEG.
149 KR. STK.
MARS/SNICKERS ÍS
4. STK. Í PAKKA
349 KR. PK.
ICELAND
MEAL FOR ONE
ALLAR TEG.
299 KR.PK
GRILLFJÖR!
ICELAND ENGIHJALLA
FÖSTUDAGINN 7. JÚLÍ
Gefum grillaðar pylsur og gos
milli kl. 15-19
(Meðan birgðir endast)
MONSTER
ALLAR TEG.
199 KR. STK.
50%
AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR
ALLAN JÚLÍ
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI,
ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ.
*Tilboðin gilda í öllum verslunum Iceland

DÝRASTUR Í SÖGU ARSENAL
Enska úrvalsdeildarfélagið Arsenal gekk í gærkvöldi frá kaupum á franska framherjanum Alexandre Lacazette frá Lyon á 46,6 milljónir punda eða 6,3 milljarða króna. Hann er því dýrasti leikmaður í sögu Lundúnafélagsins en mest borgaði það 42,4 milljónir punda fyrir Mesut Özil árið 2013. Það sem meira er þá getur kaupverðið farið upp á 52,6 milljónir punda eða sjö milljarða íslenskra króna með árangurstengdum greiðslum þannig Frakkinn verður sá langdýrasti í sögu Arsenal. Þessi 28 ára gamli framherji skoraði 129 mörk í 275 leikjum fyrir Lyon eftir að brjóta sér leið inn í aðalliðið árið 2009.



SNORRI KYNNTUR Í DAG
Snorri Steinn Guðjónsson, fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta og silfurdrengur, verður kynntur sem leikmaður og þjálfari Vals í Olís-deild karla í handbolta í dag. Valsmenn boðuðu til blaðamannafundar í hádeginu í dag þar sem tíðindin verða endanlega staðfest en íþróttadeild sagði frá þessu fyrir tveimur vikum. Árni Þór Sigtryggsson verður einnig kynntur sem leikmaður liðsins. Vísir verður með mikla umfjöllun um fundinn í dag sem hefst klukkan 12.30 að Hlíðarenda.



Dagný Brynjarsdóttir gat ekki spilað síðustu leiki íslenska liðsins fyrir EM 2017 þar sem félagsliðið hennar Portland vildi fá hana heim. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR







# Þurfti að gera það sem þeir sögðu mér að gera

**Eftir erfið meiðsli er Dagný Brynjarsdóttir komin aftur á ferðina og segist vera klár í slaginn fyrir EM í Hollandi. Hún segist hafa verið sett í erfiða stöðu af félagsliði sínu í síðasta landsliðsverkefni. Dagný segir óvíst hvað taki við hjá sér.**

**FÓTBOLTI** Dagný Brynjarsdóttir er klár í slaginn á nýjan leik eftir erfið meiðsli sem stofnuðu þátttöku hennar á EM í Hollandi í hættu. Það hefur birt til á undanförnum vikum og Dagný er óðum að ná fyrri styrk.

„Ég myndi segja að staðan væri hrikalega góð. Ég er búin að æfa vel síðustu tvo mánuði og er klár í þetta verkefni,“ sagði Dagný í samtali við Fréttablaðið í gær. En hvað var það nákvæmlega sem hrjáði hana?

„Ég fékk högg fyrir tveimur árum og hélt áfram að þjösnast á því. Það kom í ljós að þetta voru liðbönd sem tengdust frá mjaðmagrindinni og út í bak. Ég þurfti að styrkja allt í kring og fara í sprautumeðferðir. Þetta var spurning um hversu hratt liðböndin myndu gróa. Það er komið núna og ég hef verið á fullu undanfarna tvo mánuði,“ sagði Dagný.

Rangæingurinn lék allan leikinn með félagsliði sínu, Portland Thorns, um helgina. Það var aðeins hennar fjórði leikur með liðinu á tímabilinu. Dagný missti af byrjun tímabilsins en sneri aftur í sigri á Sky Blue 3. júní.

Það var þá fyrsti leikur Dagnýjar í þrjá mánuði, eða frá því hún spilaði síðasta stundarfjórðunginn í 2-0 tapi Íslands fyrir Japan á Algarvemótinu 3. mars. Það eru einu mínúturnar sem hún hefur spilað með íslenska landsliðinu á árinu.

**Fljót að komast í form**

„Ég myndi ekki segja að leikformið sé í toppstandi enda bara búin að spila einn 90 mínútna leik. En einn af mínum styrkleikum sem leikmaður er að ég er mjög fljót að koma mér í stand og vera í góðu hlaupaformi. Ef ég á að vera alveg hreinskilin hef ég ekki miklar áhyggjur,“ sagði Dagný.

> Kvennaboltinn er betur metinn þarna; fleiri áhorfendur og betur hugsað um mann.
>
> Dagný Brynjarsdóttir

Hún var valin í íslenska hópinn sem mætti Írlandi og Brasilíu í tveimur vináttulandsleikjum í júní. Dagný kom ekkert við sögu gegn Írlandi og daginn fyrir leikinn gegn Brasilíu var tilkynnt að hún myndi ekki spila hann og væri á leiðinni aftur til Portland.

Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari hefur síðan greint frá því að Dagný hafi neyðst til að sleppa landsleikjunum tveimur. Annars hefði hún væntanlega ekki spilað meira með Portland á tímabilinu. Dagný segir erfitt að hafa verið sett í þessa stöðu.

**Þeir borga launin mín**

„Það var hrikalega fúlt. Ég missti af aprílverkefninu með landsliðinu og hlakkaði mikið til verkefnisins í júní. En þeir borga launin mín og ég lenti svolítið á milli. Ég þurfti að gera það sem þeir sögðu mér að gera. Auðvitað vill enginn lenda í þessu en ég þurfti að takast á við það,“ sagði Dagný sem hefur verið í herbúðum Portland síðan 2015. Hún segir framtíð sína óráðna.

„Samningurinn minn rennur út í lok árs. Ef ég á að vera alveg hreinskilin er ég ekkert búin að ákveða hvað ég ætla að gera. Mér líkar vel þarna en auðvitað er ég langt í burtu. Ég ætla að einbeita mér að EM og svo nota ég það sem eftir er árs til að hugsa hvað ég ætla að gera,“ sagði Dagný. En lítur hún á EM sem glugga til að komast annað?

„Það er ákveðinn gluggi ef mann langar til Evrópu. En ég veit ekkert hvort ég ætla að fara þangað eða vera áfram í Bandaríkjunum,“ sagði Dagný sem segist kunna betur við sig hjá Portland en þegar hún var í herbúðum Bayern München seinni hluta tímabilsins 2015.

**Kvennaboltinn betur metinn**

„Já, mér finnst það miklu skemmtilegra. Kvennaboltinn er betur metinn þarna; fleiri áhorfendur og betur hugsað um man. Manni líður meira eins og atvinnumanni þarna en í Bayern,“ sagði Dagný. Hún nýtur þess að vera byrjuð að æfa með landsliðinu.

„Síðustu tveir dagar hafa gengið hrikalega vel. Það er gaman að hitta stelpurnar aftur og andinn í liðinu er góður. Við erum allar rosalega spenntar og klárar í verkefnið,“ sagði Dagný sem er á leið á sitt annað Evrópumót en hún var einnig með á EM 2013. ingvithor@365.is


DEUTER
BAKPOKAR
MARGVERÐLAUNAÐIR
OG TRAUSTIR BAKPOKAR.
FRÁBÆR HÖNNUN OG
ÞÆGILEGT BURÐARKERFI.
deuter
Futura SL
Flottir dagpokar fyrir konur.
Þægilegir á baki og anda vel.
Innbyggð vatnsvörn.
Ýmsar stærðir og
litir. 20-40 lítra.
Verð frá:
16.990 kr.
Futura
Frábært bak og burðarkerfi
fyrir karla.
Innbyggð vatnsvörn.
Margar stærðir.
22-42 lítra.
Verð frá:
16.990 kr.
Aircontact (Einnig til í herraútfærslu)
Dömubakpoki fyrir lengri ferðir.
Sérlega vandað stillanlegt
burðarkerfi. Innbyggð
vatnsvörn. Ýmsar
stærðir.
Verð frá:
37.990 kr.
Traveller (Einnig til í herraútfærslu)
Frábær dömubak-/ferðapoki
fyrir langferðir. Vandað
stillanlegt burðarkerfi.
Dagpoki fylgir.
50+10 lítra.
Verð frá:
42.990 kr.
Guide 35+ (Einnig til í dömuútfærslu)
Sérlega hannaður fyrir klifur
og fjallamennsku. Þægilegt
burðarkerfi. Festingar
fyrir ísaxir, skíði o.fl.
Ýmsar stærðir.
Verð frá:
25.990 kr.
Barnaburðargrindur
Verðlaunaðar og viðurkenndar.
Þægilegar og öruggar.
Gott stillanlegt burðar-
kerfi. 3 mismunandi
gerðir.
Verð frá:
38.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Guðbrandur Orri Vigfússon**
Grænuhlíð 11, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum
háskólasjúkrahúsi laugardaginn 1. júlí.
Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju
mánudaginn 10. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins
látna er bent á Krabbameinsfélagið.

**Unnur Kristinsdóttir**
**Vigfús Orrason** **Guðrún Ósk Óskarsdóttir**
**Hulda Orradóttir**
**Unnur Álfrún Huldudóttir**
**Margrét Álfdís Huldudóttir**
**Álfhildur Iða Huldudóttir**



Okkar ástkæra eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,

**María Hafdís Ragnarsdóttir**
Lómatjörn 3, 260 Reykjanesbæ,

lést 1. júlí eftir stutta baráttu við
krabbamein. Jarðarförin fer fram frá
Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 12. júlí kl. 13.

**Sveinbjörn Þórisson**
**Ragnar Ómarsson**
**Þórir Sveinbjörnsson** **Kristjana Dögg Hafþórsd.**
**Sóley Sveinbjörnsdóttir** **Kenneth W. Frederick**
**Bjarni Steinar Sveinbjörnsson** **Thelma Karen Kristjánsd.**
**og barnabörn.**



Ástkær sambýlismaður minn, faðir
okkar, tengdafaðir og afi,

**Einar Óskarsson**
frá Firði,
Borgarbraut 50a,
Borgarnesi,

andaðist á lungnadeild Landspítalans
í Fossvogi, mánudaginn 26. júní. Útför hans fer fram frá
Borgarneskirkju, mánudaginn 10. júlí kl. 14.

**Ása Sigurlaug Halldórsdóttir**
**Sigurrós Einarsdóttir** **Árni Eyfjörð Ragnarsson**
**Thorberg Einarsson** **Júlíanna Þ. Ólafsdóttir**
**Bergljót Ólafía Einarsdóttir** **Ragnar Friðrik Franklínsson**
**og afabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir
okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Hallgrímur Bogason**
Heiðarhrauni 28,
Grindavík,

lést á Landspítala við Hringbraut,
2. júlí. Útförin fer fram frá Grindavíkur-
kirkju mánudaginn 10. júlí klukkan 14.

**Þórhildur Rut Einarsdóttir**
**Bogi G. Hallgrímsson**
**Óskar Einar Hallgrímsson** **Elísa Ýr Sverrisdóttir**
**Bogi Guðbrandur Hallgrímsson** **Bryndís Rán Birgisdóttir**
**Reynir Daði Hallgrímsson** **Sigrún Lilja Guðjónsdóttir**
**Helga Rut Hallgrímsdóttir**
**Harpa Rakel Hallgrímsdóttir** **Alfreð Behrend**
**afabörn og systkini.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, sonur og afi,

**Davíð Wallace Jack**
flugvirki,

verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í
Garðabæ, föstudaginn 7. júlí
klukkan 15. Þeim sem vilja minnast
hans er bent á líknarstofnanir.

**Bergdís Ósk Sigmarsdóttir**
**Róbert Jack** **Díana Dröfn Heiðarsdóttir**
**Sigmar Jack** **Hege Elisabeth Wennersgaard**
**Vigdís Jack**
**og barnabörn.**

# Á tvö afmæli á hverju ári

**Guðmundur Magnússon leikari er sjötugur í dag og hugðist verða það í kyrrþey en synir hans tveir ákváðu að rústa þeirri hugmynd. Svo á hann byltuafmæli 7. nóvember.**



„Ég var fimm og hálfs árs þegar ég flutti frá Neskaupstað og man vel eftir mér að þvælast um Slippinn og í beitningarskúrunum. Þar pössuðu allir alla," segir Guðmundur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Foreldrar mínir bjuggu í Neskaupstað fyrir sjötíu árum en mamma fór með strandferðaskipi suður til að fæða mig í Reykjavík þó sjóveikari manneskja væri vandfundin. Svo hélt hún sömu leið til baka með mig þriggja vikna. Ég var töluvert til sjós um tíma og tel þetta ferðalag hafa verið til góðs fyrir mig," segir Guðmundur Magnússon, leikari og fyrrverandi formaður Öryrkjabandalagsins. Hann er sjötugur í dag. Kveðst hafa ætlað að verða það í kyrrþey en ekki fá það fyrir hinum freku sonum sínum. „Þorsteinn býr hér skammt frá mér og þangað ætla þeir að bjóða mér og mínum nánustu," segir hann og ég heyri ekki betur en að hann hlakki til.

Guðmundur fór ungur í leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur og lék bæði í Iðnó og Þjóðleikhúsinu, einnig sást hann á skjánum í fyrsta áramótaskaupi íslenska sjónvarpsins og líka sem Daði í Skálholti Guðmundar Kamban. Eftir Parísardvöl einn vetur, sjómennsku við Vestfirði og leikstjórn á Skaganum hélt hann aftur til Frakklands haustið 1976 til að njóta lífsins en slasaðist illa daginn eftir komuna þangað er hann féll milli hæða í húsi og er hjólastólsbundinn síðan. „Slysið bar upp á rússneska byltingarafmælið 7. nóvember," segir hann og bætir við: „Ég held yfirleitt orðið meira upp á byltuafmælið en fæðingarafmælið. Rússneska byltingin verður 100 ára í haust en ég verð 41." **gun@frettabladid.is**

> **Ég held yfirleitt orðið meira upp á byltuafmælið en fæðingarafmælið. Rússneska byltingin verður 100 ára í haust en ég verð 41.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, systir og mágkona,

**Jóna Haraldsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk
mánudaginn 3. júlí. Útförin verður
auglýst síðar.

**Margrét Gunnlaugsdóttir** **Sigurhans Vignir**
**Halldór Gunnlaugsson** **Hildur Sveinsdóttir**
**Erla Haraldsdóttir** **Sigurður Einarsson**
**Jóna Rut, Tómas, María, Óttar, Rúrik og Grímur**



Elskulega móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Jóna Símonardóttir**

sem lést 3. apríl sl. í Denver, Colorado,
verður jarðsungin frá Hrepphólakirkju
föstudaginn 7. júlí kl. 16.

**Rúnar Ásgeirsson** **Hafdís Garðarsdóttir**
**Haukur Ásgeirsson** **Pauline Martin**
**Ása Ásgeirsdóttir** **Rick Cote**
**Ásgeir Ásgeirsson** **Cindy Sigurðsson**
**Sigurður Ásgeirsson** **Beth Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar og afi,

**Jóngeir Magnússon**
fyrrv. vélstjóri, Hólabergi 84b,

lést á Skógarbæ hjúkrunarheimili
3. júlí síðastliðinn. Minningarathöfn var í
Bústaðakirkju 5. júlí og svo verður jarðsungið
í Akureyrarkirkju mánudaginn 10. júlí kl. 13.30 í kyrrþey.

**Guðrún Hafdís Pétursdóttir**
**Jón Atli Jóngeirson**
**Alexander Jón Vilhjálmsson**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
stjúpmóðir, amma og langamma,

**María Einarsdóttir**
áður til heimilis að Heiðarhjalla 14,

lést sunnudaginn 2. júlí.
Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju
föstudaginn 7. júlí kl. 15.

**Helga Þórólfsdóttir**
**Agnes Þórólfsdóttir** **Joachim Lehmann**
**Ólafur Þórólfsson** **Chanida Sasopa**
**Þórunn Þórólfsdóttir** **Örn Arnarson**
**Jón Þór Þórólfsson** **Hafdís Héðinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Aðalbjörnsson**
Leiðhömrum 28, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 19. júní. Útför
hans fer fram frá Grafarvogskirkju í
dag, fimmtudaginn 6. júlí, klukkan 15.

**Guðbjörg Eggertsdóttir**
**Eggert Kristjánsson**
**Aðalbjörn Kristjánsson** **Ólöf Sigurðardóttir**
**Þórhallur Kristjánsson**
**Jóhann Kristjánsson** **Hildur Inga Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# FERÐAVAGNA-SKOÐUN

**FRUMHERJI SKOÐAR FERÐAVAGNA Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM Á HÖFUÐ-BORGARSVÆÐINU.**




Frumherji
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Suðaustan og austan 8-13 m/s í dag, en heldur hægari síðdegis. Rigning með köflum og hiti 10 til 17 stig, hlýjast á Norðurlandi.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 7° | 11° |
| ↖7 | →3 | →6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 13° | 11° | 6° |
| →4 | ↗4 | ↗6 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 13° |
| ↘4 | ↘3 | ↓3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 13° | 13° | 9° |
| ↓6 | ↖2 | ↙3 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 9 | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | 1 | 7 | | | 9 |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | 6 | 9 | 8 | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 3 | | 8 | 1 | 2 | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 5 | | 2 | | | | |
| 2 | | | | | 8 | | 9 | |
| 6 | | 8 | 1 | | 3 | | | |
| 9 | | | | 5 | 2 | 3 | 1 | |
| | 6 | | | 3 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 1 | | | |
| 5 | 1 | | 9 | 6 | | | | 2 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | 6 | | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | | 7 | 9 | | | | 8 |
| | | 5 | 3 | | 6 | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 1 | 9 |
| | 8 | | | | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 2 | | 3 | | 5 | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 2 | 8 | | | | | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 9 | 3 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 3 |
| 7 | 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 5 | 9 | 7 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 | 2 |
| 1 | 7 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 8 | 2 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 1 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. gort
6. í röð
8. lyftiduft
9. fugl
11. búsmali
12. hopp
14. húrra
16. hætta
17. fjór
18. máleining
20. hljóta
21. lokka

**LÓÐRÉTT**
1. samtals
3. einnig
4. sjúkdómur
5. viður
7. andmæli
10. dýrafita
13. kóf
15. rænuleysi
16. kjökur
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. mont, 6. lm, 8. ger, 9. lóm, 11. fé, 12. stökk, 14. bravó, 16. vá, 17. fer, 18. orð, 20. fá, 21. laða.
**LÓÐRÉTT:** 1. alls, 3. og, 4. nefkvef, 5. tré, 7. mótbára, 10. mör, 13. kaf, 15. óráð, 16. vol, 19. ðð.

## Skák Gunnar Björnsson

Bellon átti leik gegn Kovacevic í Lugano í Sviss árið 1981.
**Hvítur á leik**
**1. Re6! Da5** (1.... fxe6 2. Dh5+ Kf8 3. Bh6+ Kg8 4. Hg4) **2. Ha4! 1-0.** Skákævintýri á Ströndum hefst á morgun.
**www.skak.is:** Alltaf nýjar skákfréttir.







tv
ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR
Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér
365
365ASKRIFT.IS

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



markhönnun ehf

# nettó

## Gleðilegt grillsumar
- grillveislan byrjar í Nettó!

DANISH CROWN

**DANISH CROWN NAUTA FILLE**
SNYRT / FROSIÐ
**2.398 KR KG**
ÁÐUR: 2.998
**-20%**

**LAMBA PRIME**
HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
**2.879 KR KG**
ÁÐUR: 4.498 KR/KG
**-36%**

KJÖTSEL

**KJÖTSEL GRILL**
SVÍNAKÓTILETTUR
**1.199 KR KG**
ÁÐUR: 1.998 KR/KG
**-40%**

**KJÚKLINGABRINGUR**
DANSKAR 900 GR.
**1.184 KR PK**

**-50%**
**FERSKJUR** 1 KG.
**149 KR ASKJAN**
ÁÐUR: 298 KR/ASKJAN

KJARNAFÆÐI

**GRILL LAMBASIRLOIN**
ÍSLENSKT FJALLALAMB
**1.278 KR KG**
ÁÐUR: 1.598 KR/KG

*Gott á grillið!*

**SKINNEY ÝSUBITAR**
1 KG.
**1.358 KR KG**
ÁÐUR: 1.698 KR/KG

**BOCUSE D'OR**
LAMBALÆRI HÁTÍÐAR
**1.582 KR KG**
ÁÐUR: 1.798 KR/KG

**BOCUSE D'OR**
PRIME GRAND CRU
**2.752 KR KG**
ÁÐUR: 3.398 KR/KG

**-40%**
**HUMAR ÁN SKELJAR**
800 GR. FROSIÐ.
**2.799 KR PK**
ÁÐUR: 4.998 KR/PK

**-30%**

**ESPUNA CHORIZO**
100 GR.
**279 KR PK**
ÁÐUR: 398 KR/PK

**ESPUNA SERRANO**
70 GR.
**279 KR PK**
ÁÐUR: 398 KR/PK

**ESPUNA SALAMI**
100 GR.
**279 KR PK**
ÁÐUR: 398 KR/PK

**GOÐI GRILLPYLSUR**
OSTA. 300 GR.
**534 KR PK**
ÁÐUR: 593 KR/PK

**GOÐI MORGUNVERÐARPYLSUR**
180 GR.
**446 KR PK**
ÁÐUR: 495 KR/PK

**COOP PIZZA**
PEPPERONI. 350 GR.
**359 KR STK**
ÁÐUR: 399 KR/STK

NÝTT Í nettó

**COOP PIZZA**
SKINKA & OSTUR. 340 GR.
**359 KR STK**
ÁÐUR: 399 KR/STK W

**BYSSA NERF**
MODULUS STÓR
**4.199 KR STK**
ÁÐUR: 5.998 KR/STK
**-30%**

**VATNSBYSSA**
ÞRÝSTISPRAUTA BLÁ
**699 KR STK**
ÁÐUR: 998 KR/STK
**-30%**

**CAFFESSO NESPRESSO**
GRANDE GUSTO 55 GR
**370 KR PK**
ÁÐUR: 529 KR/PK
**-30%**

**NUTRAMINO HEAT BCAA ENERGY 330 ML**
MANGO /PASSION **259 KR STK**
STRAWBERRY /WATERMELON **259 KR STK**

**Tilboðin gilda 6. - 9. júlí 2017 www.netto.is**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# Ákveðið fjöregg sem verður að fara vel með

**Það er komið að Sumartónleikum í Skálholti 42. árið í röð. Fyrsti tónninn þetta árið verður sleginn af Hljómeyki á laugardaginn, að sögn Guðrúnar S. Birgisdóttur flautuleikara, framkvæmdastjóra hátíðarinnar.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Sönghópurinn Hljómeyki syngur tónverk í Skálholti á laugardag sem tengist gluggunum í kirkjunni.

Sönghópurinn Hljómeyki, undir stjórn Mörtu Halldórsdóttur, ætlar að hefja leikinn með því að flytja verkið Ljósbrot eftir John Speight á laugardaginn klukkan 14. „John Speight samdi tónlistina árið 1991 sem þakklætisvott fyrir þann innblástur sem hann fékk frá steindu gluggunum hennar Gerðar Helgadóttur í Skálholtskirkju. Með flutningnum viljum við minna á einstöku myndlistina í kirkjunni sem þarfnast viðhalds,“ segir Guðrún S. Birgisdóttir flautuleikari um upphaf Sumartónleika í Skálholti sem hún leiðir þetta árið. Hún segir nútímatónlist og nýsköpun ásamt barokki, leiknu á upprunahljóðfæri, vera aðalsmerki tónleikaraðarinnar sem fyrr. „Hér koma fram fjölmargir íslenskir listamenn en líka erlendir gestir frá Danmörku, Svíþjóð og Frakklandi og síðast en ekki síst heimsfrægur ungmennakór frá Ástralíu, The Gondwana Singers sem verður hér í næstu viku.“



„Það er mikil ábyrgð á okkar kynslóðum að byggja upp þessa breidd og halda við því sem vel hefur verið gert,“ segir Guðrún. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðrún segir hátíðina sjálfa ekki hafa burði til að kaupa mikið af frægu listafólki. „Gondwana Singers eru á ferð um Eystrasaltsríkin og Norðurlönd og vitneskja um það lenti inn á borð hjá formanni stjórnar Sumartónleikanna sem náði kórnum inn á hátíðina okkar. Svona gerist oft fyrir tilviljanir en líka árvekni skipuleggjenda. Þó flytjendur á hátíðinni séu í hópum þá kemur okkur til góða sú frábæra aðstaða sem er í Skálholti. Þess vegna er svo kjörið að vera með svona hátíð þar. Þar er hægt að hýsa fólk.“

Staðartónskáldið í Skálholti í ár er María Huld Markan Sigfúsdóttir. Nordic Affect og Raddir halda portretttónleika tileinkaða henni í næstu viku. Guðrún vekur líka athygli á barokksveitinni Camerata Öresund sem Hallveig Rúnarsdóttir syngur með svo og sembaltónleikum um verslunarmannahelgina, helgaða minningu Helgu Ingólfsdóttur sem stofnaði Sumartónleika í Skálholti fyrir 42 árum og stýrði þeim í 30 ár. „Verslunarmannahelgin okkar rokkar aðeins öðru vísi en aðrar hátíðir því allt snýst um sembala, bæði í tónum og orðum. Leikið verður á fjóra sembala, þarna kemur fram okkar frábæra strengjasveit Barokkbandið Brák og Kolbeinn Bjarnason verður með erindi um fyrstu sembaltónleika Íslandssögunnar árið 1969. Allt er svo bernskt hjá okkur í sambandi við tón- og sviðslistir. Öðruvísi en til dæmis í Frakklandi og Þýskalandi þar sem tónlistarstofnanir eru kannski þrjú hundruð ára gamlar. Það er mikil ábyrgð á okkar kynslóðum að byggja upp þessa breidd og halda við því sem vel hefur verið gert.“

Guðrún segir Sumartónleika í Skálholti alltaf hafa haft ákveðinn sess. „Skálholt er í hugum margra magískur staður og það eru mikil verðmæti fyrir sjálfsmynd okkar Íslendinga að þar skuli hafa þrifist bragðmikil, hefðbundin hátíð sem gæti verið haldin hvar sem er í Evrópu. Hún er ákveðið fjöregg sem verður að fara vel með.“

Dagskrá hátíðarinnar er á vefslóðinni www.sumartonleikar.is. Aðgangur á alla tónleika er ókeypis en tekið er við frjálsum framlögum við innganginn.

# Bjartasta vonin þarf meiri tækni

**TÓNLIST**

**Djasstónleikar**

★★★☆☆

**Sara Blandon og Sara Mjöll Magnúsdóttir fluttu lög sem voru flest eftir konur á Freyjujazzi.**

**Listasafni Íslands**
þriðjudaginn 4. júlí

Freyjujazz er sniðug tónleikaröð. Tónleikarnir eru haldnir í hádeginu á þriðjudögum í Listasafni Íslands og standa í hálftíma. Þeir byrja klukkan korter yfir tólf, og á eftir er hægt að fá sér að borða í safninu. Það er notalegt að kúpla sig út úr amstri dagsins í smástund og hverfa inn í aðra veröld þar sem allt er svo gott. Djassinn er nefnilega bráðhollur eins og dr. William Klemm, prófessor í taugavísindum, heldur fram í tímaritinu Psychology Today. Djassinn hefur streitulosandi áhrif á hlustandann, hann örvar hugann og eykur sköpunarkraft. Það er eitthvað við hann sem lætur manni líða eins og allt sé í himnalagi, þótt himnarnir séu að hrynja í veruleikanum.

Á þriðjudaginn var voru Sörur á boðstólum. Ekki smákökurnar, heldur Sara Blandon og Sara Mjöll Magnúsdóttir. Sú fyrrnefnda söng, en hún var valin bjartasta vonin í djassflokknum á Íslensku tónlistarverðlaununum. Hin síðarnefnda lék á píanó. Á efnisskránni voru aðallega lög eftir konur, þ. á m. var lag eftir söngkonuna sjálfa. Það var við ljóð Davíðs Stefánssonar, Stjörnurnar. Ljóðið fjallar um það að stjörnurnar séu gleðitár Guðs þegar hann grét í fyrsta sinn er móðir ól barn. Lag Söru Blandon var hrífandi, meginuppistaðan var grípandi laglína í moll sem söngkonan flutti af töluverði einlægni.

Önnur lög á tónleikunum voru eftir Billie Holiday, Des'ree, Annie Ross og Jimmy McHugh. Þau voru öll létt og leikandi í sjálfu sér, og svo var umhverfið ekki til að skemma. Þarna í salnum hangir ótrúlega glæsilegt verk eftir Hrafnhildi Arnardóttur. Þetta eru risastórir borðar í öllum regnbogans litum fyrir ofan og allt í kring, það er eins og að vera inni í einhverri súrrealískri fantasíu.

Því miður mátti finna nokkuð að flutningnum. Sara Blandon hefur flotta rödd, hún er dökk og sjarmerandi. Söngurinn á tónleikunum var engu að síður fremur einhæfur og stirður, sérstaklega í nokkrum bibbidí babb, sem voru furðu þunglamaleg. Söngkonan var of mikið að vanda sig, sem skemmdi upplifunina. Tækni hennar er greinilega enn ekki fullmótuð, en verður örugglega betri í framtíðinni. Hæfileikar hennar eru auðheyrilega ríkulegir og röddin sjálf er svo falleg. Það lofar góðu.



Sara Blandon söng m.a. eigið lag sem samkvæmt dómnum var hrífandi.

Sara Mjöll stóð sig vel við píanóið, hún var a.m.k. örugg og áslátturinn mjúkur og fallegur. Hins vegar var leikurinn ansi flatur, hann skorti ímyndunarafl, spuninn var býsna varfærnislegur og eftir því óspennandi. Í hreinum undirleik hefði líka mátt vera meira skraut, hröð tónahlaup, o.s.frv. Það var of mikið um endurtekna hljóma, sem var leiðigjarnt til lengdar. Í djassinum eru möguleikarnir endalausir, en þá þarf tæknin að vera til staðar. Henni var um margt ábótavant hér, hjá báðum listakonunum. Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg tónlist en flutningurinn hefði mátt vera líflegri og fjölbreyttari.




© Inter IKEA Systems B.V. 2016

# Útsalan hefst í dag kl. 11

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®



Michael Bay hatar ekki tæknibrellurnar.

# Fínasta tæknibrelluveisla en lítið annað




**KVIKMYNDIR**

**Transformers: The Last Knight**

★★☆☆☆

**Leikstjóri:** Michael Bay
**Framleiðendur:** Tom DeSanto, Lorenzo di Bonaventura
**Handrit:** Ken Nolan, Art Marcum, Matthew Hollaway
**Aðalhlutverk:** Mark Wahlberg, Laura Haddock, Anthony Hopkins

Á þessum tímapunkti er orðið erfitt fyrir áhorfendur að slysast á fimmtu myndina í Transformers-seríunni, frá sprengjusérfræðingnum Michael Bay, án þess að gera sér fullkomlega grein fyrir því hverju má eiga von á. Þetta er þá meira spurning um hvort leikstjórinn hafi slysast til þess að gera eitthvað prælskemmtilegt úr hávaðanum og tilheyrandi tæknibrellum eða hvort hugmyndalausi sölupúkinn hans hefur tekið alveg yfir, hinn sami og hefur aldrei haft nokkurn áhuga á heilsteyptu innihaldi eða listinni að fara pent í hlutina. Hjá þessum manni þýðir meira ávallt meira.

Bay er óneitanlega fær í ýmsu, sérstaklega þegar kemur að hasar og hraða, en að segja hnitmiðaðar sögur á bröttum sýningartíma er ekki þar meðtalið. Á góðum degi getur verið heljarinnar afþreyingargildi að finna í þessum Transformers-myndum (og þetta kemur frá manni sem er dyggur aðdáandi þeirrar þriðju). En svo eru til mörk þess hversu mikinn svokallaðan „Bay-isma“ augu, líkami og sál geta þolað til lengdar þegar leikstjórinn er sífellt fastur í sama farinu.

Hann Bay virðist vera ófær um að gera bíómyndir án þess að þeim fylgi til dæmis heilmikið „slow-mo“, ákaft blæti fyrir ameríska hernum, ýktar staðalmyndir, þvældir söguþræðir, mikill aulahúmor og kvenfyrirlitning máluð upp sem kynþokki. En maðurinn kann lagið á því að stilla upp flottum skotum og virðist tæknin hafa mikið hjálpað til með árunum þegar kemur að því að útfæra stílhreinni slagsmál milli tölvugerðra vélmenna. Það er plús.

Hinar fjórar Transformers-myndirnar fóru allar eftir vissum formúlum sem endurtóku sig hryllilega oft en nú er eins og loksins sé kviknaður áhugi fyrir því hjá aðstandendum að hugsa stærra og hrista meira upp í ruglinu. Því meira sem tónninn líkist algjörri teiknimynd, því betra.

Það er löngu orðið gagnslaust fyrir áhorfandann að reyna að taka efniviðinn alvarlega og best kemur Bay út þegar hann gerir það ekki sjálfur heldur. Þetta er nú einu sinni allt byggt á leikföngum!

Í Transformers: The Last Knight er víkkaður út þessi uppstillti, gríðarstóri bíóheimur með hugmyndaríkum hætti en framvindan jaðrar ávallt við það að vera hreinn farsi. Myndin er sjálfsagt með þeim skárri í seríunni en sömu veikleikum og hafa áður verið áberandi bregður hér fyrir; afleitt handrit, of margar persónur, langdregið rennsli og klippistíll sem er sérstaklega til þess gerður að vera manískur.

Leikararnir gegna í rauninni sama tilgangi og tölvubrellurnar, sem þýðir að þetta er allt saman eintómt skraut, en af öllu liðinu á skjánum kemur gamli refurinn Anthony Hopkins tvímælalaust best út.

Margir gæðaleikarar detta auðveldlega á sjálfsstýringu í svona stórum myndum og hirða svo launin sín, en Hopkins er bæði ánægjulega furðulegur og fjörugur, eins og hann sé staddur þarna til að skemmta sjálfum sér fyrst og fremst. Meira að segja slæmir brandarar myndarinnar hitta í mark með töfrum þessa manns. Mark Wahlberg hefur jafnframt látið betur um sig fara hér en í síðustu lotu, þegar hann tók við kyndlinum af Shia LaBeouf.

Bay hefur sem betur fer tónað niður pínlegar vörukynningar eða þessa grimmu fánadýrkun sem hann er vanur. Hann fær einnig prik fyrir að lækka aðeins niður í testósteróninu og til tilbreytingar leggja áherslu á kvenhetju (leikin af Lauru Haddock) sem er bráðgáfuð, sterk og gegnir virku hlutverki í söguþræðinum. En Bay stenst vissulega ekki freistinguna að klæða hana upp eins og strippara, eins og Wahlberg lýsir henni sjálfur í myndinni.



**Gamli refurinn Anthony Hopkins kemur tvímælalaust best út í þessari fimmtu Transformers mynd.**

Þótt það taki stundum smátíma að meðtaka alla óreiðuna sem er í gangi í Transformers: The Last Knight er útkoman ekki laus við sína spretti, hvort sem þeir snerta prýðilega lokaorrustu (þar sem sést mikið í okkar landslag) eða Hopkins er í banastuði. Einhver stærstu mistök leikstjórans varða hins vegar stílíska ákvörðun hans um að ofkeyra skiptingar á milli mismunandi skjáhlutfalla („aspect ratio“ kallast það víst), með gríðarlega truflandi árangri. Myndin er í nokkrum hlutföllum og stækkar eða minnkar ramminn á sekúndna fresti. Magnað að svona sleppi í gegn þegar heilir fimm klipparar unnu að myndinni.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Myndaflokkurinn hefur bæði átt betri og slakari daga en áhorfandinn veit alveg við hverju á að búast, langri og yfirdrifinni „teiknimynd“. Að minnsta kosti er Anthony Hopkins ekki fjarri góðu gamni.

# AEG

# TILBOÐSDAGAR

## 25% afsláttur

## af öllum AEG vörum í nokkra daga




AEG 90 ÁR HJÁ ORMSSON 1927-2017

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Lokað laugardaga í sumar**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun ORMSSON.IS

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |








# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 6. JÚLÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** ENDURTEKNIR upphafstónleikar í sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
Fullt var út úr dyrum á frábærum tónleikum Gunnars Kvaran sellóleikara og Helgu Bryndísar Magnúsdóttur píanóleikara í Listasafni Sigurjóns á Laugarnesi á þriðjudagskvöldið var. Urðu margir frá að hverfa og því verða tónleikarnir endurteknir í kvöld.

**Hvað?** Chris Foster á Arctic Concerts
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Iðnó
Chris Foster, einstakur listamaður á sviði þjóðlagatónlistar, söngvari og gítarleikari kemur fram á Arctic Concerts í Iðnó í kvöld.

**Hvað?** Teitur Magnússon og fleiri
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Teitur Magnússon spilar ásamt hljómsveit lög af plötu sem er væntanleg í haust. Árni Vilhjálmsson (Kriðpleir, áður FM Belfast) hitar upp en hann er að leggja lokahönd á sína fyrstu sólóplötu. Síðan er það hann Lommi (Jón Loðmfjörð) ljóðskáld sem er nýbúinn að gefa út ljóðabókina Sprungur. Hann mun lesa upp ljóð inn á milli. 2.000 krónur inn.

**Hvað?** Daði Freyr
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna hattinum, Akureyri
Daða Frey ættu nú flestir að kannast við eftir að hann heillaði þjóðina upp úr skónum í undankeppni Eurovision fyrr í vetur með einkar einlægri framkomu. Undanfarið hefur Daði verið búsettur í Berlín að leggja lokahönd á tónlistarnám sitt þar en fyrirhugaðir eru örfáir tónleikar á Íslandi á árinu. Til þess að fylgja eftir þeirri gífurlegu velgengni sem Daði hlaut í keppninni hefur hann samið nýtt efni sem hann mun væntanlega flytja á tónleikum hérlendis.

**Hvað?** Kitty Kovacs, organisti Landakirkju
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkju
Á Alþjóðlegu orgelsumri 2017, sem nú er haldið 25. sumarið í röð, koma fram afburða konsertorganistar í fremstu röð frá ýmsum löndum. Fimmtudaginn 6. júlí kl. 12.00-12.30 mun Kitty Kovacs, organisti í Landakirkju í Vestmannaeyjum, flytja Passacaglíu og fúgu í c-moll eftir J.S. Bach og einnig mjög spennandi verk eftir Zsolt Gárdonyi. Kitty mun flytja bæði verkin á hið stórfenglega Klaisorgel Hallgrímskirkju, en það er stærsta hljóðfæri landsins. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Sumarjazz
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hofi, Akureyri
Tónlistina flytja, ásamt Svanlaugu, Agnar Már Magnússon píanóleikari, Matthías Stefánsson fiðluleikari, Margrét Arnardóttir harmonikkuleikari og Þorgrímur Jónsson kontrabassaleikari.


Þóra Einarsdóttir heldur uppskerutónleika í Hafnarborg ásamt nemendum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Þóra Einarsdóttir, master class tónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarborg, Hafnarfirði
Hin margverðlaunaða Þóra Einarsdóttir sópransöngkona og nemendur hennar á master class námskeiði á Sönghátíð í Hafnarborg halda uppskerutónleika. Matthildur Anna Gísladóttir leikur á píanóið.

**Hvað?** Rasta Gata – RVK Soundsystem
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bryggjunni brugghúsi, Grandagarði
Reggífílingur úti á Granda.

**Hvað?** Extreme Chill Festival
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Lucky Records
Extreme Chill hátíðin hefst í dag í Lucky Records á Rauðarárstíg og heldur síðan áfram í Mengi í kvöld.

### Viðburðir

**Hvað?** Fyrirlestur: Íslensk list, af því hún er til
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsinu
Bryndís Hafþórsdóttir listfræðingur heldur erindi í Hafnarhúsinu og fjallar um hvort bakgrunnur listamanna skipti máli. Gallerístar og aðrir sem sjá um kynningu á íslenskri myndlist á erlendri grund hafa lagt áherslu á að list íslenskra myndlistarmanna eigi erindi út fyrir landsteinana burtséð frá bakgrunni þeirra, að hún sé hvorki séríslensk né staðbundin. Í fyrirlestri sínum mun Bryndís Hafþórsdóttir halda öðru fram. Hún telur að list Ragnars Kjartanssonar sé einmitt afsprengi samruna þess staðbundna, hins íslenska bakgrunns, við hið alþjóðlega. Í því er falin nokkur þversögn, en til að skilja áhrifin sem list Ragnars hefur á áhorfendur um allan heim þurfi að viðurkenna að hún sé að einhverju leyti séríslensk.

**Hvað?** Reykjavík Safarí – menningarleiðsögn á sex tungumálum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafni, Grófinni
Í kvöld verður boðið til fjöltyngdu menningargöngunnar „Reykjavík Safarí". Gangan er á vegum Borgarbókasafnsins, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og Bókmenntaborgarinnar og fer nú fram tíunda árið í röð. Borgarbúar, með önnur móðurmál en íslensku, veita leiðsögn um miðborgina sem verður í boði á spænsku, pólsku, víetnömsku, portúgölsku, ensku og arabísku.

**Hvað?** Róló – frumsýning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Klambratúni
Sirkuslistamenn elska að kanna hið ómögulega, taka áhættu og finna óvæntar leiðir til að leika sér með ólíklegustu hluti. Hvað gerist ef þú leyfir 12 sirkuslistamönnum að leika sér á róluvelli? Jú, þá gerast töfrar! Miðaverð 3.500 krónur.


Daði Freyr skemmtir Akureyringum á Græna hattinum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Glæsilegt úrval á pier.is

# ÚTSALAN

## í fullum gangi allt að

# 70%

# AFSLÁTTUR

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 5227890



30%
GJÖCO MÁLNING & VIÐARVÖRN
25%
REIÐHJÓL
Gerðu frábær kaup!
SUMAR
50%
BAVARIA RAFMAGNS-VERKFÆRI
35%
REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR
30%
REYKOFNAR
20-40%
KEÐJUSAGIR
70%
VORLAUKAR
30-40%
VERKFÆRABOX
30%
HEKKKLIPPUR, HEKKSNYRTAR & LAUFSUGUR
20%
FERÐAVARA
25%
BAÐFYLGI-HLUTIR
35%
FERÐATÖSKUR
25%
TIMBURBLÓMA-KASSAR
25%
ÁBURÐUR
35%
BLÓMAPOTTAR & GARÐSKRAUT
20%
SMÁRAFTÆKI
VALDAR VÖRUR Á TILBOÐSVERÐI
TILBOÐSVERÐ
BEÐAKANTUR
24/40 100 cm.
717 kr
0291598
Almennt verð: 1.195 kr.
-40%
-25%
TILBOÐSVERÐ
GARÐBEKKIR
2ja eða 3ja sæta.
Verð frá:
18.746 kr
0291473-4
Almennt verð: 24.995 kr.
-30%
TILBOÐSVERÐ
GARÐBORÐ
26 mm, L=1800 mm.
9.796 kr
0291451
Almennt verð: 13.995 kr.
Öll verð birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.


25%
GARÐHÚSGÖGN
20-40%
SLÁTTUVÉLAR
ÚTSALA
25%
KERTI, LUKTIR & HEIMILISSKRAUT
40%
ELDSTÆÐI
30%
JÁRNHILLUR
35%
PLASTBOX
40%
FRÆ
25%
MOTTUR & DREGLAR
35%
LEIKFÖNG
30%
FÖNDURVÖRUR
25%
KÖRFUBOLTA-SPJÖLD
30-40%
NAPOLEON GRILLFYLGIHLUTIR
25%
POTTAR, PÖNNUR & BÚSÁHÖLD
20%
SMÁRAFTÆKI
30%
BLÓM, TRÉ & RUNNAR
Skoðaðu öll tilboðin á byko.is
TILBOÐSVERÐ
-30%
SANDKASSI
með sæti 1500x1500 mm.
9.796 kr
0291468
Almennt verð: 13.995 kr.
-25%
TILBOÐSVERÐ
BLÓMAKER
Gagnvarin fura, 27,5x43x50, 32,5x56x65 eða 32,5x70x80 cm.
Verð frá:
3.371 kr
0291460/2/4
Almennt verð: 4.495 kr.
AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.

**FRÁBÆR FIMMTUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365

**MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**FEARLESS**
Magnaðir breskir spennuþættir sem fjalla um mannréttindalögfræðinginn Emmu Banville sem er þekktust fyrir að velja sér krefjandi mál sem oft á tíðum eru talin óvinnandi.



**ANIMAL KINGDOM**
Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás. Mögnuð glæpasería sem enginn má missa af!



**TRAINING DAY**
Stórskemmtilegur spennuþáttur um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem oftar en ekki eru æði ósammála um hvernig löggæslan skuli fara fram!



**LOVE IS STRANGE**
Frábær mynd um þá nýgiftu Ben og George sem neyðast til þess að búa hjá vinum sínum eftir að George missir vinnuna.



**CLAWS**
Sjóðheitur og stórskemmtilegur þáttur um fimm harðduglegar konur sem vinna við handsnyrtingu á ströndinni í Flórída.



**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.** 365.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.50 Tommi og Jenni**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Mom**
**10.40 Landnemarnir**
**11.20 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík**
**11.45 Nettir Kettir**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mr. Turner**
**15.45 Impractical Jokers**
**16.10 Little Big Shots**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Ísland í sumar**
**19.25 2 Broke Girls**
**19.50 Masterchef The Professionals Australia**
**20.35 NCIS**
**21.20 Fearless** Vandaðir breskir spennuþættir sem fjalla um mannréttindalögfræðinginn Emmu Banville sem er þekktust fyrir að velja sér krefjandi og oft á tíðum mál sem talin eru óvinnandi. Nú tekur hún upp gamalt mál manns sem sakfelldur var fyrir fjórtán árum fyrir morð á ungri stúlku og er hún sannfærð um sakleysi hans. Handritshöfundur þáttanna er Patrick Harbinson (Homeland og 24).
**22.10 Animal Kingdom**
**23.00 Training Day** Spennuþættir um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem gerast 15 árum á eftir samnefndri mynd. Nýliðinn og hugsjónamaðurinn Kyle Craig er ráðinn til að vinna með reynsluhundinum Frank Rourke en aðferðir hans eru æði óvenjulegar og oftar en ekki fer hann ekki eftir bókinni í rannsókn mála. Þetta gerir það að verkum að samstarf þeirra verður á tímum afar erfitt og þá sér í lagi þegar siðferðisleg álitamál koma upp.
**23.45 The Lord of the Rings: The Return of the King**
**03.00 Grantchester**
**03.50 Gåsmamman**
**04.35 X-Company** Önnur syrpa þessara hörkuspennandi þátta um hóp ungra njósnara í seinni heimsstyrjöldinni sem öll eru með sérstaka hæfileika sem nýtast í stríðinu og ferðast hvert sem þeirra er þörf. Í hverri hættuför leggja þau lífið að veði fyrir málstaðinn.
**05.20 X-Company**
**06.05 The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.25 Pepsi-deild kv. - Breiðablik-Þór/KA**
**10.05 Pepsi-mörk kvenna**
**11.05 Goðsagnir efstu deildar**
**11.40 Pepsi-deild kk - Breiðablik-Grindavík**
**13.20 Pepsi-mörkin**
**14.45 1 á 1**
**19.25 Sumarmótin**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Búrið**
**21.05 Formúla E**
**22.50 Formúla E - Highlights**
**23.45 UFC 2017 - Sérstakir þættir**
**00.15 Premier League World**
**00.45 Búrið**

## STÖÐ 3

**17.40 Raising Hope**
**18.05 The New Girl**
**18.30 Community**
**18.55 Modern Family**
**19.20 Sumar- og grillréttir Eyþórs**
**19.50 Sósa og salat**
**20.10 Undateable**
**20.35 Claws**
**21.20 American Horror Story: Roanoke**
**22.00 Gilmore Girls**
**22.45 Silicon Valley**
**23.15 Eastbound & Down**
**23.45 Modern Family**
**00.10 Sumar- og grillréttir Eyþórs**
**00.45 Sósa og salat**
**01.05 Undateable**
**01.30 Claws**
**02.15 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Kormákur**
**07.11 Zigby**
**07.25 Stóri og Litli**
**07.38 Latibær**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur**
**10.00 Lína langsokkur**
**10.25 Hvellur keppnisbíll**
**10.37 Ævintýraferðin**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Kormákur**
**11.12 Zigby**
**11.26 Stóri og Litli**
**11.39 Latibær**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur**
**14.00 Lína langsokkur**
**14.25 Hvellur keppnisbíll**
**14.37 Ævintýraferðin**
**14.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 Kormákur**
**15.12 Zigby**
**15.26 Stóri og Litli**
**15.39 Latibær**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur**
**18.00 Lína langsokkur**
**18.25 Hvellur keppnisbíll**
**18.37 Ævintýraferðin**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Quicken Loans National**
**13.00 PGA Highlights**
**13.55 Golfing World**
**14.45 KPMG Women's PGA Championship**
**17.45 Golfing World**
**18.35 Inside the PGA Tour**
**19.00 The Greenbrier Classic**
**22.00 Thornberry Creek LPGA Classic**
**00.30 The Greenbrier Classic**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50 Kramer vs. Kramer**
**13.35 The Cobbler**
**15.15 Nancy Drew**
**16.55 Kramer vs. Kramer**
**18.40 The Cobbler** Dramatísk gamanmynd frá 2014 með Adam Sandler í aðalhlutverki. Max Simkin gerir við skó á skósmíðaverkstæði sem hefur verið í eigu fjölskyldu hans í marga ættliði. Simkin er ekkert allt of sáttur við þetta líf, og rekst einn daginn á erfðagrip sem er gæddur töframætti, sem gerir honum kleift að setja sig í spor viðskiptavina sinna og sjá heiminn eins og þeir sjá hann. Stundum er það eina leiðin til að við áttum okkur á hvernig við erum sjálf, að setja sig í spor annarra.
**20.20 Nancy Drew**
**22.00 Love is Strange**
**23.35 Scary Movie 5**
**01.00 Sin City: A Dame To Kill For** Glæpamynd frá árinu 2014 þar sem Jessica Alba, Joseph Gordon-Levitt, Mickey Rourke og Bruce Willis fara meðal annars með hlutverk. Íbúarnir í syndaborginni Basin City þar sem glæpatíðnin er í hæstu hæðum þurfa að hafa sig alla við í baráttunni fyrir lífi sínu og limum. Harðsoðnustu íbúar bæjarins mæta nokkrum af þeim úthrópuðustu.
**02.40 Love Is Strange**

## RÚV

**17.15 Hljómskálinn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Kalli og Lóa**
**18.13 Franklín og vinir hans**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Matur frá öllum heimshornum – John Torode: Argentína**
**20.40 Sterkasti maður á Íslandi**
**21.10 Svartir englar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Haltu mér, slepptu mér**
**23.10 Skömm**
**23.40 Svikamylla**
**00.40 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Jane the Virgin**
**10.35 Síminn + Spotify**
**12.15 Dr. Phil**
**12.55 American Housewife**
**13.20 Remedy**
**14.05 The Biggest Loser**
**15.05 The Bachelor**
**16.35 King of Queens**
**17.00 The Good Place**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show**
**19.10 The Late Late Show**
**19.50 Making History**
**20.15 Pitch**
**21.00 How to Get Away with Murder**
**21.45 MacGyver**
**22.30 Better Things**
**23.00 The Tonight Show**
**23.40 The Late Late Show**
**00.20 24**
**01.05 Under the Dome**
**01.50 Twin Peaks**
**02.35 Mr. Robot**
**03.20 House of Lies**
**03.50 How to Get Away with Murder**
**04.35 MacGyver**
**05.20 Better Things**
**05.50 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# GRILLVEISLA



## MÚRBÚÐARVERÐ



30% AFSLÁTTUR

**Kaliber KG-1301 Gasgrill**
3+1 brennarar/hliðarhella
grillflötur 252,0 cm², 11,5KW
**Áður kr. ~~43.400~~**
**29.990**

Kaliber
PREMIUM GRILL

**Kailber Ferðagasgrill**
2x2,5KW brennarar, grillflötur
196,0cm², 5KW, vagn fylgir
**Áður kr. ~~29.980~~**
**19.990**



33% AFSLÁTTUR

**Flott í ferðalagið**



**Kailber KG-1503 Gasgrill** 3x3KW brennarar,
grillflötur 252,0 cm², 9KW
**Áður kr. ~~39.900~~**
**27.890**

30% AFSLÁTTUR



25% AFSLÁTTUR

**Kailber KG-2 Gasgrill** 4x3,5KW brennarar,
grillflötur 303,6 cm²,14KW
**Áður kr. ~~52.880~~**
**39.490**



20% AFSLÁTTUR

**Kailber AG1125 Gasgrill** 5x3,5KW brennarar,
grillflötur 815x460 mm, 17,5KW
**Áður kr. ~~59.980~~**
**47.980**



Grilláhöld, 3 stk. í setti
**990**
**Áður kr. ~~1.390~~**



Grillbursti
**380**
**Áður kr. ~~480~~**

20% AFSLÁTTUR

**Lavor Galaxy 140 háþrýstidæla**

140 Max bar
450 l/klst.
1900KW

**Áður kr. ~~17.990~~**
**14.390**



20% AFSLÁTTUR

**Lavor One Plus 130 háþrýstidæla**

130 Max bar
420 l/klst.
Fylgihlutir: Burstar,
sápubrúsi
& Turbóstútur.

**Áður kr. ~~12.490~~**
**9.990**



Made by Lavor

**Lavor Space 180 háþrýstidæla**
180 Max bar
510min Litrar
Pallahreinsir, bursti
og aukaspíssar.

**24.990**



Gildistími tilboða til 15/7

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

# Skammur tími og mikil keyrsla með því erfiðasta





Margir fagurkerar fylgjast nú spenntir með þættinum Blokk 925 sem snýst um tvö vinapör að taka íbúð á Ásbrú í gegn frá a til ö á afar skömmum tíma. Lífið í Fréttablaðinu fékk að yfirheyra þátttakendurna svo lesendur geti kynnst þeim aðeins betur.

## Lárus Freyr Lárusson



**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Það sem heillar mig mest er þegar hrár efniviður fær að njóta sín eins og steypa, stál og timbur í bland við hlýja hluti heimilisins. Ég hef einnig mikið dálæti á litlum hlutum sem gefa heimili svo mikið, en þá er mikilvægt að þeim sé fallega raðað upp.

**Hvernig er draumaheimilið þitt?** Það er opið og bjart með miklu flæði þar sem alrými (eldhús, borðstofa og stofa) er hjarta hússins. Náttúruleg birta verður að spila stórt hlutverk.

**Hvað var það skemmtilegasta við að taka þátt í Blokk 925?** Að taka allar ákvarðanirnar, hvort sem það var hönnun grunnmyndar eða val á eldhúsinnréttingu eða sturtuhaus. Glíma við og leysa vandamálin sem komu upp og sjá okkar hönnun verða að veruleika á svona stuttum tíma.

**En það erfiðasta?** Það var ekkert eitthvað eitt sem var erfiðast, en ég viðurkenni að val á húsgögnum tók alveg vel á, enda hefur IKEA endalaust vöruúrval.

**ÉG HEF EINNIG MIKIÐ DÁLÆTI Á LITLUM HLUTUM SEM GEFA HEIMILI SVO MIKIÐ, EN ÞÁ ER MIKILVÆGT AÐ ÞEIM SÉ FALLEGA RAÐAÐ UPP.**

**Hvað kom helst á óvart eftir að þið byrjuðuð að taka íbúðina í gegn?** Hverfið á Ásbrú kom mér mest á óvart, hvað það hefur mikla möguleika til að verða flott íbúðarhverfi.

**Ýtti þátttakan í Blokk 925 undir framkvæmdagleðina, eða ertu kominn með nóg í bili?** Framkvæmdir af einhverjum toga hafa alltaf verið partur af mér. Svo ef eitthvað er þá ýtti þetta ennþá meira undir þá gleði.

**Ertu með eitthvert skothelt ráð fyrir það fólk sem er að fara út í framkvæmdir?** Átta sig á því hvað það vill fá út úr framkvæmdinni. Vanda hvar skal spara og hvar ekki. Láta ekki lítil vandamál slá sig út af laginu og hafa metnað fyrir því sem þú ert að gera.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Sumrinu mun ég eyða í fæðingarorlofi með syni mínum og í vetur verð ég að vinna á arkitektastofu.

## Óli Geir Kristjánsson

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Ég myndi segja að hann væri frekar skandinavískur eins og er mjög algengt í dag hér heima, en mér finnst samt líka gaman að gera eitthvað allt öðruvísi og blanda því saman.

**Hvernig er draumaheimilið þitt?** Draumaheimilið í dag væri lítil íbúð, svona 40-60 fermetrar, sem væri skipulögð.

**Hvað var það skemmtilegasta við að taka þátt í Blokk 925?** Ætli það hafi ekki aðallega verið reynslan en svo kynntist maður líka helling af frábæru fólki.

**En það erfiðasta?** Erfiðasta … ég held ég verði að segja tíminn. Hann var frekar stuttur.

**Hvað kom helst á óvart eftir að þið byrjuðuð að taka íbúðina í gegn?** Ég held að það hafi komið mest á óvart hversu mikið er hægt að gera á stuttum tíma.

**Ýtti þátttakan í Blokk 925 undir framkvæmdagleðina, eða ertu kominn með nóg í bili?** Já, ég held hún hafi nú bara ýtt undir framkvæmdagleðina.

**Ertu með eitthvert skothelt ráð fyrir það fólk sem er að fara út í framkvæmdir?** Búast við því að þetta taki lengri tíma en það heldur.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Fram undan er starfsnám á arkitektastofu í Danmörku.

**DRAUMAHEIMILIÐ Í DAG VÆRI LÍTIL ÍBÚÐ, SVONA 40-60 FERMETRAR, SEM VÆRI SKIPULÖGÐ.**

## Guðrún Bjarnadóttir

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Ég heillast aðallega af skandinavískum stíl. Annars finnst mér skipta miklu máli að heimilið sé notalegt, persónulegt og heillandi.

**Hvernig er draumaheimilið þitt?** Hátt til lofts, opið og hlýlegt rými. Stór og flottur pallur þar sem maður gæti notið sín á góðum sumardögum.

**Hvað var það skemmtilegasta við að taka þátt í Blokk 925?** Það skemmtilegasta við þáttinn var að fá að innrétta íbúð, við vinkonurnar saman. Svo var lokadagurinn frábær þar sem öll vinnan varð að veruleika.

**En það erfiðasta?** Mér fannst erfiðast í lokavikunni þegar það var svo mikið að gera að við vorum að fara yfir um. Við Alexandra vorum báðar í annarri vinnu á morgnana og það var erfitt að vera ekki á staðnum og þurfa að segja allt sem vantaði í gegnum síma og redda svo öllu eftir klukkan fimm.

**Hvað kom helst á óvart eftir að þið byrjuðuð að taka íbúðina í gegn?** Það þurfti að redda ýmsum hlutum rétt í lokin, það tók smá á. Maður hélt að allt hefði gengið 100% upp en svo var ekki en það reddaðist allt með smá stressi og maður lærir af þessari reynslu.

**Ýtti þátttakan í Blokk 925 undir framkvæmdagleðina, eða ertu komin með nóg í bili?** Ég fékk alls ekki nóg. Mér þætti gaman að hanna og gera upp íbúð aftur en í allt öðruvísi aðstæðum. Ég get til dæmis ekki beðið eftir að innrétta mína eigin íbúð.

**Ertu með eitthvert skothelt ráð fyrir það fólk sem er að fara út í framkvæmdir?** Ekki gera neitt í flýti. Gefðu þér góðan tíma í að hugsa hvað þú vilt og hafðu nægan tíma til að framkvæma.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Ég er að vinna 100% vinnu og í innanhússhönnunarnámi. Ætla að sinna því og svo sé ég til hvað gerist eftir það.




## Alexandra Hlíf Jóelsdóttir

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Ég myndi segja að ég sé með mjög skandinavískan stíl en hef líka gaman af því að blanda sterkum litum og lúmskt „furðulegum“ hlutum.

**Hvernig er draumaheimilið þitt?** Mig dreymir um að búa einn daginn í fallegu gömlu einbýli með rósettum, stiga, svölum úr hjónaherberginu og fallegum garði.

**Hvað var það skemmtilegasta við að taka þátt í Blokk 925?** Að fá að takast á við eitthvað af þessari stærðargráðu og fá að gera það með bestu vinkonu minni.

**En það erfiðasta?** Mér fannst erfiðast hvað seinustu tvær vikurnar voru rosaleg keyrsla, datt alveg í daga þar sem ég vann stanslaust í tuttugu og eina klukkustund.

**ÉG HEF NOKKURN VEGINN HALDIÐ MÍNU STRIKI EN HEF BYRJAÐ Á EINU VERKEFNI FYRIR SJÁLFA MIG FRÁ ÞVÍ AÐ ÞÆTTIRNIR KLÁRUÐUST.**



**Hvað kom helst á óvart eftir að þið byrjuðuð að taka íbúðina í gegn?** Það var ekki margt sem kom á óvart beint en það var oft á tíðum sem manni þótti hlutirnir ekki ganga eins vel og maður hefði viljað.

**Ýtti þátttakan í Blokk 925 undir framkvæmdagleðina, eða ertu komin með nóg í bili?** Ég myndi segja hvorugt, ég hef nokkurn veginn haldið mínu striki en hef byrjað á einu verkefni fyrir sjálfa mig frá því að þættirnir kláruðust.

**Ertu með eitthvert skothelt ráð fyrir það fólk sem er að fara út í framkvæmdir?** Fá góða hvíld inn á milli og hafa góða mynd af því hvað þú ert að fara að gera.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Ég er eins og er að vinna hjá HBH sem húsgagnasmíðanemi, klára svo mjög líklega innanhússhönnunina seint á þessu ári og svo er flutningur til London snemma næsta árs til að vinna sem innanhússhönnuður og nemi í húsgagnasmíði, svo veit ég ekkert hvað tekur við.


FRÍHAFNARDAGAR
TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR
DAGANA 6.-10. JÚLÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla








# Góð viðbót við hönnunarflóru landsins

Samningar hafa tekist á milli íslensku húsgagnaverslunarinnar vinsælu Snúrunnar og dönsku keðjunnar Bolia. Bolia hefur verið starfandi í fimmtán ár og má nú finna í Svíþjóð, Hollandi og á fleiri stöðum. Rakel Hlín Bergsdóttir, eigandi Snúrunnar, er að vonum í skýjunum.

Þetta er danska fyrirtækið Bolia. Það er fimmtán ára gamalt fyrirtæki sem er ótrúlega flott og vaxandi. Bolia er núna að opna tvær verslanir í mánuði – þær eru í Danmörku, Svíþjóð, Hollandi og á fleiri stöðum. Þau hafa aldrei verið á Íslandi áður, þannig að þetta er í fyrsta skiptið sem opnuð er Bolia-búð hér á landi," segir Rakel Hlín Bergsdóttir, eigandi húsgagnaverslunarinnar Snúrunnar, en þau hafa náð samningum við dönsku húsgagnakeðjuna Bolia, sem eins og Rakel segir er að breiðast út um Evrópu.

*Hvað þýðir þetta fyrir Snúruna?*
„Við erum að fara að færa okkar verslun, hún mun ennþá heita Snúran en verður mestmegnis Bolia. Þetta er ótrúlega skemmtilegt fyrir mig og bara alla – þau eru með 90 þúsund vörutegundir, þannig að það er úr nógu að velja."

Rakel segir að Bolia-verslanirnar séu stórskemmtilegar og það sé ákveðin upplifun að koma inn í slíka búllu.

„Það er svo skemmtilegt að þau eru til dæmis með rosa margar týpur af sófum sem þú getur raðað saman á staðnum – gerir þinn eigin sófa þar sem þú getur valið úr tvö hundruð mismunandi efnum og löppum og öllu. Allt sem ég panta er svo bara sérstaklega gert þegar ég panta það.

Þetta eru líka svo skemmtilegar búðir, þær eru svo öðruvísi. Þær eru með sinn eigin ilm, þær eru með sína eigin tónlist – þetta er algjör upplifun. Við ætlum að reyna eins og við getum að halda í þessa stemmingu svo að þetta sé ekki bara eins og hver önnur verslun. Þau eru nefnilega svo sér á báti með þetta."

**ÞAU ERU TIL DÆMIS MEÐ ROSA MARGAR TÝPUR AF SÓFUM SEM ÞÚ GETUR RAÐAÐ SAMAN Á STAÐNUM – GERIR ÞINN EIGIN SÓFA ÞAR SEM ÞÚ GETUR VALIÐ ÚR TVÖ HUNDRUÐ MISMUNANDI EFNUM OG LÖPPUM OG ÖLLU.**

*Hvenær má svo búast við að herlegheitin verði opnuð og við getum farið að henda saman eigin sófasetti?*
„Við erum að stefna á 10. ágúst. Við erum búin að vera að bíða eftir húsnæðinu síðan um áramótin. Það er búið að teikna rýmið allt upp, Rut Kára arkitekt er að hanna þetta allt fyrir okkur og við erum búin að vera í samstarfi við gott fólk. Vonandi náum við þessu í tíma."

**stefanthor@frettabladid.is**

## Rafræn tónlistarveisla ræst í dag

Raftónlistarveislan Extreme Chill Festival hefst í dag með pomp og prakt. Í ár verður hátíðin haldin í Reykjavík en áður fór hún fram annars staðar – til að mynda í Vík í Mýrdal, Berlín og á Hellissandi.

Viðburðir Extreme Chill verða á sex mismunandi stöðum í miðborginni – skemmtistaðnum Húrra, Fríkirkjunni, Bíó Paradís, Mengi, Lucky Records og Miðgarði – Center Hotels.

Þetta ku vera stærsta hátíðin til þessa, en þetta er áttunda árið sem hún fer fram. Mikið af stórum nöfnum úr rafsenunni ætlar sér að dáleiða gesti með dularfullum og rafskotnum tónum sínum – en þar má nefna úr hópi erlendra listamanna The Orb, Mixmaster Morris, Courtesy, Christopher Chaplin og Studnitzky. Íslenski hópurinn er engu síðri en þar eru til að mynda Jónas Sen, Stereo Hypnosis, Reptilicus og Poco Apollo og margir fleiri.


**Á Extreme Chill verður boðið upp á leyndardómsfullt ferðalag.**

Í Bíó Paradís verður svo í tengslum við hátíðina frumsýnd heimildarmyndin Lunar Orbit sem fjallar um hljómsveitina The Orb, en tónleikar sveitarinnar eru einn hápunktur hátíðarinnar þetta árið. Um er að ræða goðsagnir í rafbransanum.

Fyrstu tónleikar hátíðarinnar eru á dagskrá í Lucky Records á Rauðarárstíg klukkan þrjú í dag og gleðin heldur svo áfram fram eftir í Mengi á Óðinsgötu. **– sþh**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



KFC
krushers
Skittles
OREO
KitKat
IT'S FINGER LICKIN' GOOD
NÝTT BRAGÐ
ÞÚ BARA VERÐUR
AÐ SMAKKA
REGNBOGANN
LÍTILL 399 kr. | STÓR 549 kr. | 2 FYRIR 1 - VIRKA DAGA KL. 14-17

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar

Tómasar Þórs Þórðarsonar

# Geri þetta bara á morgun

Ég sló garðinn í fyrradag. Ykkur er alveg frjálst að standa upp frá morgunkorninu og klappa augnablik áður en lestri er haldið áfram. Þetta tók sinn tíma að gerast enda hef ég verið haldinn ævintýralegri frestunaráráttu í mörg ár.

Formaður húsfélagsins sem einnig er kærastan mín keypti sláttuvél fyrir húsið fyrir einhverjum þremur vikum og fól mér það verkefni að slá garðinn. Sláttuvélin var enn þá ofan í kassa í forstofunni þar til í fyrradag þegar ég loks fór af stað.

Mér til varnar ætlaði ég margsinnis að drífa í þessu en hér á Fróni hefur bara ekki hætt að rigna í margar vikur og loks þegar það var þurrt var ég annaðhvort að vinna eða gera eitthvað annað töluvert skemmtilegra en að slá gras.

Það sem vakti athygli hjá sjálfum mér var hversu pirrandi það var samt að hafa þetta hangandi yfir mér. Mér fannst það ákveðið elli- og/eða þroskamerki. Að hafa hluti hangandi yfir sér hefur hingað til ekki truflað mig í frestunaráráttunni.

Ég skrifaði ótal ritgerðir og hef skrifað upp heilu helgarviðtölin og unnið mörg verkefni nóttu fyrir skil og fram á morgun í staðinn fyrir að gera það í rólegheitum á kristilegum tímum. Þetta er ákveðin unglingaveiki sem seint eldist af manni en batnandi mönnum og allt það.

Alltaf þegar ég þarf að tækla svona fullorðinsvandamál fer ég að hugsa um hversu gamall maður er að verða eða hversu gamall manni finnst maður vera að verða. Hvert ár eftir þrítugt er ákveðin pína á meðan maður er enn að sætta sig við að fjarlægjast ungdóminn. En hei, ég á enn eftir að setja saman náttborð sem ég keypti í mars.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

KRÓNAN


100% hamborgarabúðin þín!
90g - 459 kr. pk.
120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.
NÝ AÐFERÐ
Betri hamborgari!
alltaf 2 stk. í pakka




Sóma Tortillur
VIÐ RÚLLUM ÞESSU UPP
DAGLEGA MEÐ FERSKASTA ÁLEGGINU


Kryddaðar kjúklingabaunir, granatepli, spínat og gúrkur


Tikka masala kjúklingur og grænmeti


BBQ kjúklingur, sætar kartöflur og spínat


Reykt skinka egg, iceberg og pítusósa

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

